



Stefna 2020 

- > **STEFNA RAUÐA KROSS ÍSLANDS**
- > **ÞÝÐING Á STEFNU ALÞJÓÐASAMBANDS
RAUÐA KROSSINS OG RAUÐA HÁLFMÁNANS**

 **Rauði kross Íslands**

RAUÐI KROSS ÍSLANDS

Rauði kross Íslands er hluti af stærstu mannúðarhreyfingu veraldar, Alþjóða-hreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Hugsjónir hreyfingarinnar eiga sér fulltrúa um allan heim. Rauði krossinn byggir allt starf sitt á sameiginlegum grundvallarhugsjónum, sem eru mannúð, hlutleysi, óhlutdrægni, sjálfstæði, eining, sjálfböðlið starf og alheimshreyfing. Meginhlutverk hreyfingarinnar er að bregðast við hvers konar neyð, hvort heldur er af náttúru- eða mannavöldum og standa vörð um og aðstoða þá einstaklinga og/eða hópa sem verst eru staddir. Innan Alþjóðahreyfingarinnar starfa 186 landsfélög undir merkjum Rauða krossins eða Rauða hálfmánans. Öflugt net landsfélaga, deilda þeirra og sjálfböðaliða myndar sérstöðu og styrk Rauða kross hreyfingarinnar. Standa þarf vörð um sjálfstæði og hlutleysi hreyfingarinnar öllum stundum til að gera henni kleift að koma að verkefnum hvar sem er í heiminum. Rauði krossinn byggir að stærstum hluta á sjálfböðnu starfi og ber öllum sjálfböðaliðum og starfsmönnum að starfa í samræmi við markmið og starfsreglur hreyfingarinnar hvar sem þeir starfa. Merki hreyfingarinnar, rauði krossinn, rauði hálfmáninn og rauði kristallinn, njóta alþjóðlegrar viðurkenningar, trausts og lögformlegrar verndar.

Rauði kross Íslands sinnir fjölpættum verkefnum á vettvangi deilda víðs vegar um landið. Öflugt net sjálfböðaliða er styrkur félagsins. Rauði krossinn hefur langa reynslu af neyðaraðstoð jafnt innan lands sem utan og er mikilvægur hlekkur í almannavörnum Íslands. Félagið vinnur að mannúðarmálum með íslenskum stjórnvöldum og fylgir eftir grundvallaratriðum Genfar-samninganna gagnvart þeim. Rauði krossinn kannar reglulega hvaða þjóðfélagshópar eru verst staddir í íslensku samfélagi og bregst við niðurstöðunum með breyttum áherslum í starfinu ef þörf þykir. Rauði krossinn hefur þegar sett sér stefnu í umhverfismálum og mun halda vöku sinni í þeim efnum.

Sérstaða Rauða kross Íslands á alþjóðavettvangi felst meðal annars í því að vera lítið félag, með stuttar boðleiðir. Rauði krossinn vinnur með samstarfsaðilum á jafnréttisgrunni og lítið er á hann sem hlutlausan aðila. Fagmennska einkennir allt starf Rauða krossins.

Í nýrri stefnu setur Rauði kross Íslands sér það markmið að efla starf sitt og aðlaga það síbreytilegum aðstæðum og þörfum. Mikilvægt er að lögð verði aukin áhersla á nýjar og fjölbreyttari leiðir í fjáröflun og að félagið meti sífellt árangur af öllu starfi sínu. Einnig er nauðsynlegt að allir sem að starfi félagsins koma líti á Rauða krossinn sem eitt félag hvar á landinu sem þeir eru og að allir starfi að sameiginlegum markmiðum. Samstarf deilda þarf að efla.

Fjölmargin sjálfböðaliðar hafa lagt hönd á plóginn og miðlað af þekkingu sinni og reynslu við endurskoðun stefnunnar. Reynt var að aðlaga stefnu Alþjóða-hreyfingarinnar íslenskum aðstæðum. Öllum sjálfböðaliðum sem þátt tóku í endurskoðun stefnunnar eru færðar bestu þakkir.



Anna Stefánsdóttir
formaður Rauða kross Íslands

Leiðarljós

Rauði kross Íslands bregst við neyð jafnt innan lands sem utan og veitir aðstoð er gerir fólk hæfara til að takast á við erfiðleika og bregðast við áföllum. Félagið stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga.

Neyðarvarnir vegna áfalla og hamfara

Lykilþættir:

- Neyðaraðstoð innanlands
- Efla getu til að takast á við áföll
- Alþjóðleg neyðaraðstoð

Mannúð og félagslegt öryggi

Lykilþættir:

- Félagslegt öryggi
- Málsvarastarf
- Langtímaverkefni í alþjóðlegu hjálparstarfi

Öflugt og vel starfandi Rauða kross félag

Lykilþættir:

- Mannauður
- Skipulag
- Alþjóðlegt samstarf
- Fjáröflun og meðferð fjármuna
- Sýnileiki

Grundvallarhugsjónir Rauða krossins:

Mannúð, óhlutdrægni, hlutleysi, sjálfstæði, sjálfboðin þjónusta, eining, alheimshreyfing

NEYÐARAÐSTOÐ VEGNA ÁFALLA OG HAMFARA



Rauði krossinn var stofnaður til að bregðast við neyð og er það stærsta verkefni hreyfingarinnar. Rauði krossinn hefur mikla reynslu af því að bregðast skjótt við skyndilegri neyð með aðstoð við þolendur hamfara og áfalla bæði innanlands og á alþjóðavettvangi. Brugðist er við með fjárframlögum en þó fyrst og fremst með mannafla.

Neyðaraðstoð innanlands

Rauði krossinn leggur ríka áherslu á viðbrögð og viðbúnað við tímabundinni neyð. Rauði krossinn tryggir öflugar neyðarvarnir og neyðaraðstoð á Íslandi og er mikilvægur hlekkur í almannavörnum landsins. Jafnframt tekur félagið virkan þátt í skipulagningu og framkvæmd sálræns stuðnings hérlendis. Viðbragðsgetan byggir á neti deilda og vel þjálfuðum sjálfbóðaliðum um land allt.

- > Félagið sinnir fjöldahjálp og félagslegu hjálparstarfi samkvæmt samningi við Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Í því skyni þjálfar félagið fjöldahjálparstjóra og aðra sjálfbóðaliða.
- > Samningar eru í gildi um verkefni félagsins innan almannavarna bæði fyrir landið í heild og hvert umdæmi almannavarna. Deildir félagsins gera héraðssamninga við lögreglustjóra á hverjum stað og koma að því að skipuleggja sálrænan stuðning.
- > Félagið leggur áherslu á gott samstarf við aðra aðila sem sinna almannavörnum.
- > Hjálparsími Rauða krossins er upplýsingasími á neyðartímum.
- > Félagið nýtir neyðarvarnarskipulag sitt þegar veitt er neyðaraðstoð sem fellur utan almanna-

varnarskipulags. Skýrar reglur liggja fyrir um slíka aðstoð.

- > Félagið sinnir sjúkraflutningum samkvæmt samningum við stjórnvöld. Forsendur fyrir því að Rauði krossinn sinni þessu verkefni eru að gæði og öryggi þjónustunnar séu tryggð og greiðslur komi fyrir.
- > Viðbúnaður er ætíð fyrir hendi s.s. með uppfærðum áætlunum, árlegri fræðslu og æfingum, tilskildum búnaði, skoðun fjölda-hjálparstöðva og mannafla.

Að efla getu til að takast á við áföll

Mikilvægt verkefni Rauða krossins er að efla einstaklinga og samfélög til að takast á við skyndileg áföll. Skipulag og þjálfun sjálfbóðaliða er þar mikilvægur þáttur.

- > Félagið er framsækið og leiðandi í skyndihjálp og sálrænum stuðningi. Virkir sjálfbóðaliðar fara reglulega á námskeið í skyndihjálp og sálrænum stuðningi.
- > Fræðsluefni í skyndihjálp tekur mið af alþjóðlegum leiðbeiningum um skyndihjálp frá Alþjóðaráði Rauða krossins og Rauða hálfmánans hverju sinni og skyndihjálparnámskeið félagsins eru fjölbreytt og aðgengileg.
- > Félagið vinnur með skólayfirvöldum, fyrirtækjum og stofnunum að skyndihjálparfræðslu og almenningur er minntur á mikilvægi þess að kunna skyndihjálp.

Alþjóðleg neyðaraðstoð.

Neyðaraðstoð er eitt meginhlutverka Rauða krossins. Grasrótaruppbygging hreyfingarinnar í hverju landi gerir sjálfboðaliðum Rauða krossins og Rauða hálfmánans kleift að bregðast hratt við neyð. Loftslagsbreytingar munu á næstu árum stuðla að fleiri og skaðlegri náttúruhamförum sem bitna ekki síst á fátækum löndum. Samkvæmt Genfarsamningunum gegnir Rauða kross hreyfingin sérstöku hlutverki sem óháður aðili á átaka- og spennusvæðum. Á erlendum vettvangi eru sendifulltrúar Rauða kross Íslands mikils metnir.

- > Félagið veitir alþjóðlega neyðaraðstoð í nánú samráði við alþjóðastofnanir Rauða krossins. Félagið veitir aðstoðina í samvinnu við landsfélagið í skaðalandinu, eitt sér eða í samvinnu við önnur landsfélög.
- > Félagið á nána samvinnu við önnur Rauða kross félög um þátttöku í alþjóðlegri neyðaraðstoð.
- > Sérstök áhersla er lögð á neyðaraðstoð í löndum þar sem félagið styður langtímaverkefni í hjálparstarfi eða framlag þess hefur veruleg áhrif
- > Deildir félagsins renna styrkum stoðum undir alþjóðlegt hjálparstarf Rauða krossins með stuðningi við neyðarviðbrögð vegna hamfara erlendis og með því að auka þekkingu og áhuga í nærsamfélaginu á alþjóðlegu hjálparstarfi.



MANNÚÐ OG FÉLAGSLEGT ÖRYGGI



Rauða krossinum er annt um þá sem eru félagslega berskjaldaðir, starfar með þeim og fyrir þá. Sú sérstaða félagsins þarf að vera öllum ljós. Rauði krossinn vinnur að því að efla samstarf við aðrar hjálparstofnanir og stjórnvöld með það að markmiði að þeir sem höllum fæti standa fái sem bestan stuðning.

Félagslegt öryggi

Rauði krossinn vinnur markvisst að því að auka félagslegt öryggi berskjaldaðra út frá grundvallarhugsjónum hreyfingarinnar. Félagið fylgist reglulega með hvaða samfélagshópar eru berskjaldaðir.

- > Félagið beinir kröftum sínum að hópum berskjaldaðra á hverjum tíma og vekur athygli á stöðu þeirra. Deildir gera þarfagreiningu í nærsamfélagi sínu og haga starfi sínu í samræmi við niðurstöður.
- > Félagið vinnur gegn því að fólk verði berskjaldað með fræðslu og fjölbreyttum verkefnum. Verkefni eru skipulögð með það að markmiði að þeir sem höllum fæti standa séu virkir þátttakendur.
- > Hjálparsími Rauða krossins er starfræktur til að veita einstaklingum aðstoð á erfiðum tímum.

Málsvarastarf

Mikilvægur þáttur í starfi Rauða krossins er að tala máli mannúðar. Genfarsamningarnir eru þar grundvallaratriði sem Rauða krossinum ber að fylgja eftir gagnvart íslenskum stjórnvöldum. Rauði krossinn vinnur einnig að því að draga úr fordómum með fræðslu og virkri umræðu.

- > Félagið er leiðandi í umræðum um hjálparstarf og mannúðarmál. Áhersla er lögð á sérstöðu og

styrkleika félagsins og virkt málsvarastarf sem felst í því að efla hópa og einstaklinga í að vera eigin málsvarar.

- > Markvisst er unnið að því að fræða um Genfarsamningana.
- > Stjórnvöld eru minnt á skyldur sínar samkvæmt Genfarsamningunum, þau hvött til að fylgja þeim og beita sér fyrir að þeir ásamt öðrum mannúðarlögum séu virtir á alþjóðavettvangi.
- > Forvarnir gegn fordómum eru öflugar, sérstaklega meðal ungmenna.

Langtímaverkefni í alþjóðlegu hjálparstarfi

Meginverkefni Rauða krossins á alþjóðavettvangi miða að því að styðja til sjálfshjálpar fólk sem býr við örbirgð. Sérstök áhersla er lögð á að vinna gegn sjúkdómum, s.s. alnæmi, og milda afleiðingar stríðsátaka, einkum gagnvart börnum og ungmennum. Rauði krossinn leggur einnig mikla áherslu á að draga úr óæskilegum afleiðingum loftslagsbreytinga.

- > Félagið aðstoðar alnæmissjúka og fjölskyldurþeirra, fólk sem þjáist vegna átaka eða skyndilegra hamfara og þolendur mansals.
- > Áhersla er lögð á að sinna fólki á „gleymdum svæðum“.
- > Jafnrétti kynjanna er forsenda fyrir árangursríku hjálparstarfi.
- > Deildir félagsins styðja afmörkuð verkefni þess í alþjóðlegu hjálparstarfi og auka þekkingu á þeim í nærsamfélaginu.
- > Félagið beitir sér fyrir öflugu samstarfi landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans og leggur áherslu á uppbyggingu þeirra.



ÖFLUGT OG VEL STARFANDI RAUÐAKROSS- FÉLAG

Rauði kross Íslands er eitt félag og starfar sem ein heild. Styrkur félagsins byggir á að eining ríki um markmið og verkefni þess. Jafnrétti er haft að leiðarljósi í öllu starfi Rauða krossins. Lögð er áhersla á skilvirkni og vinnulag sem tekur mið af tekjum félagsins. Endurskoða þarf starfsemina reglulega þannig að styrkleikar Rauða krossins nýtist sem best.

Mannauður

Árangur Rauða krossins byggir á hæfum og vel þjálfuðum sjálfboðaliðum og starfsfólki sem starfar eftir leiðarljósi og siðareglum félagsins. Sjálfboðaliðar á öllum aldri og úr mismunandi samfélagshópum eru lykillinn að árangri Rauða krossins.

- > Sjálfboðaliðar sinna meginhluta verkefna félagsins.
- > Fjölbreyttar leiðir eru farnar til að afla og nýta krafta sjálfboðaliða. Allir sjálfboðaliðar fá verklýsingu og skýr markmið þeirra verkefna sem þeir sinna.
- > Ungt fólk er mikilvægt í starfi félagsins.
- > Sjálfboðaliðar og starfsfólk félagsins fær fræðslu um Genfarsamningana.
- > Starfsmannastefna er samræmd og nær til alls starfsfólks félagsins.

Skipulag

Rauði krossinn er öflugt félag sem byggir á störfum sjálfboðaliða um allt land með stuðningi starfsfólks. Skipulag Rauða krossins miðast við að starf félagsins nýtist sem best þeim sem eru berskjaldaðir. Hlutverk lykilaðila er skilgreint með ábyrgðarlýsingum og skipu-riti.

- > Félagið vandar áætlanagerð og undirbúning verkefna, eftirfylgni og skýrslugerð.
- > Verkefni félagsins eru skilgreind með tímamma og mælanlegum markmiðum.
- > Eftirlit með fjárreiðum félagsins er öflugt.
- > Félagið kemur að verkefnum á upphafsstigi þeirra og dregur sig út þegar þörfin fyrir þau hefur verið viðurkennd eða er ekki lengur fyrir hendi.

Alþjóðlegt samstarf

Rauði kross Íslands tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi á vettvangi Alþjóðahreyfingarinnar. Rauði krossinn leggur áherslu á mikilvægi Alþjóðasambands Rauða krossins sem samhæfingaraðila en sinnir einnig alþjóðlegu hjálparstarfi beint.

- > Félagið tekur þátt í samráði á vettvangi Alþjóða Rauða krossins og Rauða hálfmánans og leggur þar áherslu á mikilvægi hlutleysis, óhlutdrægni og sjálfstæðis í hjálparstarfi hreyfingarinnar.
- > Félagið ræktar sérstaklega samband og samstarf við önnur norræn Rauða kross félög.
- > Alþjóðastarf er fært nær sjálfboðaliðum í deildum félagsins með því að því að deildir eiga kost á að styðja, fræðast um og fylgjast með einstökum verkefnum félagsins erlendis.
- > Vinadeildasamstarf byggir á gagnkvæmum samskiptum deilda félagsins við deildir í öðrum löndum.

Fjáröflun og meðferð fjármagns

Rauði kross Íslands leggur aukna áherslu á eigin fjáröflun og að sjálfbodaliðar séu virkir í því starfi. Á hverjum tíma þarf að velja verkefni í samræmi við stefnu, starfshætti og fjármagn Rauða krossins.

- > Félagið setur sér stefnu og mótar samræmt verklag við fjáröflun. Greint er á milli fjáröflunar- og kynningarverkefna.
- > Leitað er eftir stuðningi almennings með reglubundnum hætti og vegna skyndilegrar neyðar.
- > Styrkir til verkefna eru m. a sóttir í alþjóðlega sjóði.
- > Félagið vinnur með stjórnvöldum að fjármögnun alþjóðlegs hjálparstarfs með ramma-samkomulagi þar að lútandi.
- > Frá og með árinu 2014 er rekstur félagsins án halla.
- > Áhætta við vörslu og ráðstöfun fjármuna félagsins er lágörkuð.
- > Félagið á varasjóð til að bregðast við áföllum og til að nota ef grundvöllur tekna þess breytist verulega.

Sýnileiki

Mikilvægt er að almenningur og stjórnvöld viti fyrir hvað Rauði krossinn stendur. Öflugasta kynningin er fólgin í orðspori og árangri af verkefnum félagsins og framgöngu sjálfbodaliða Rauða krossins og starfsfólks.

- > Sjálfbodaliðar og starfsmenn bera merki félagsins við störf sín fyrir félagið.
- > Allt kynningarefni hefur samræmt útlit og fylgir reglum um notkun á merki félagsins.
- > Félagið kynnir bæði innanlands- og alþjóðaverkefni sín í fjölmiðlum og á samskiptavefjum. Lögð er áhersla á að nýta veraldarvefinn sem kynningar-tæki með fréttum og auglýsingum.



ORÐSKÝRINGAR

Almannavarnir

- > Skipulag á viðbrögðum við hamförum og slysum sem daglegur viðbúnaður í samfélaginu ræður ekki við. Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra fer með yfirstjórn á landsvísu og lögreglustjórar í umdæmum sínum.

Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans.

- > Þetta heiti er notað þegar vísað er til bæði Alþjóðaráðsins og Alþjóðasambandsins. Notað þar sem oft er flókið að útskýra muninn á þessu tvennu.

Alþjóðaráðið Rauða krossins (ICRC)

- > Stofnun sem annast verkefni á átakasvæðum og hefur skilgreint hlutverk samkvæmt Genfarsamningunum. Skipulagslega er ICRC svissnesk sjálf-eignarstofnun.

Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC)

- > Samband og samstarfsvettvangur 186 landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Sinnir meðal annars verkefnum vegna náttúruhamfara.

Berskjaldaður

- > Það að standa höllum fæti á einhvern hátt eða eiga það á hættu að standa höllum fæti. Notað sem þýðing á enska orðinu vulnerable eða vulnerability.

„Gleymd svæði“

- > Svæði þar sem neyðarástand hefur ríkt lengi en fær þó litla athygli eða aðstoð.

Neyðaraðstoð

- > Aðstoð, yfirleitt fyrsta aðstoð, sem veitt er vegna skyndilegrar neyðar en er ekki hugsuð til langframa.

Neyðarvarnir

- > Sá verkþáttur sem Rauði krossinn sinnir innan skipulags almannavarna.

Nærsamfélag

- > Næsta umhverfi, sveitarfélag og/eða starfssvæði Rauða kross deildar.

Sendifulltrúar

- > Hjálparstarfsmenn sem Rauði krossinn hefur þjálfað og sendir á vettvang vegna hjálparstarfa.

Stjórnvöld

- > Hér er vísað bæði til ríkis- og sveitarfélaga eftir samhengi.

Þarfagreining

- > Aðferðafraeði til að greina hverjir eru berskjaldaðir.



Stefna 2020 

**BJÖRGUM MANNSLÍFUM
BREYTUM HUGARFARI**



Athugasemdir og fyrirspurnir berist
til strategy2020@ifrc.org



International Federation of Red Cross
and Red Crescent Societies, Geneva, 2010

Copies of all or part of this document may be made for non-commercial use, providing the source is acknowledged. The IFRC would appreciate receiving details of its use. Requests for commercial reproduction should be directed to the IFRC at secretariat@ifrc.org.

P.O. Box 372
CH-1211 Geneva 19
Switzerland
Telephone: +41 22 730 4222
Telefax: +41 22 733 0395
E-mail: secretariat@ifrc.org
Web site: <http://www.ifrc.org>

Efnisyfirlit

Hver við erum

bls. 6



IFRC

Hvað við gerum

bls. 10



IFRC

Hvernig við störfum

bls. 20



Jakob Dall/Danish Red Cross

Bls. 4
Kynning á Stefnuleið 2020

Bls. 5
Grundvallarmarkmið
hreyfingarinnar

Bls. 7
Okkar hlutverk í heiminum

Bls. 7
Áleiðis til 2020: að gera meira,
gera betur og ná til fleiri

Bls. 8
Endurnýjun framtíðarsýnar
fyrir heim í deiglu

Bls. 12
Ávinningurinn af Stefnuleið 2020

Bls. 13
Stefnumarkmið 1
Björgun mannlífa, verndun lífsviðurværis,
efling endurreisnar eftir hamfarir og
kreppur

Bls. 15
Stefnumarkmið 2
Trygging heilbrigðs og öruggs lífs

Bls. 17
Stefnumarkmið 3
Áhersla á félagslega samstöðu, frið
og virðingu fyrir friðsamlegri sambúð

Bls. 22
Stuðningsleið 1
Byggjum öflug landsfélög Rauða krossins
og Rauða hálfmánans

Bls. 25
Stuðningsleið 2
Tölum máli mannúðar á opinberum vettvangi
til að hindra berskjöldun og draga úr
afleiðingum hennar í heimsvæðingunni

Bls. 28
Stuðningsleið 3
Tryggjum skilvirkni í samstarfi
Alþjóðasambandsins

INNGANGUR AÐ STEFNULEIÐ 2020



Þessi stefnuýfirlýsing lýsir sameiginlegum ásetningi liðsheildar Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (International Federation of Red Cross & Red Crescent Societies) um að halda fram á veginn í baráttunni við helstu viðfangsefni mannkyns á komandi áratug.

Yfirlýsingin staðfestir fyrri stefnumörk og áætlanir og setur fram endurnýjun á grundvallarhugmyndum. Hún er vegvísir fyrir landsfélög Rauða krossins og Rauða hálfmánans sem setja niður meginmarkmið sín og stefnuáætlanir í ljósi þarfa og áhættu sem þau standa frammi fyrir. Yfirlýsingin er leiðarvísir fyrir skrifstofu Alþjóðasambandsins um forgangsörðun verkefna til stuðnings landsfélögunum. Hún er einnig grundvöllur endurnýjunar, samhæfingar og þróunar nýrra aðferða og samstarfsramma.

Stefnuleið 2020 byggir á þeim árangri sem náðist með Stefnuleið 2010 (Strategy 2010) og byggir á ákvæðum stofnskrár Alþjóðasambandsins og þeirrar stefnumótunar sem sett hefur verið fram af þingi sambandsins. Hún tekur mið af stofnskrám og stefnuáætlunum Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans enda afrakstur víðtæks samráðs innan hreyfingarinnar og við samstarfsaðila okkar utan hennar.

Meginþættir Stefnuleiðar 2020 eru settir fram í þremur köflum sem mynda heildstæðan og gagntengdan starfsramma:

- > **Kafl 1** lýsir **hver við erum** og dregur fram hlutverk Alþjóðasambandsins og þá kosti sem samstarfið í alþjóðahreyfingunni hefur umfram aðra. Hér er farið yfir reynsluna af Strategy 2010 og þann lærdóm sem af henni mátti draga, spáð fyrir um langtímaþróun og framtíðarsýn okkar skilgreind.
- > **Kafl 2** lýsir **hvað við gerum** til stuðnings fólki sem á sárt að binda og hvernig við tökumst á við undirliggjandi ástæður bágborinna aðstæðna þess með þremur stefnumarkmiðum til að ná tilætluðum árangri.
- > **Kafl 3** lýstir **hvernig við vinnum saman** að því að hrinda þessari stefnuáætlun í framkvæmd með þrenns konar stuðningsleiðum sem hverri um sig er ætlað að skila ákveðnum árangri.

Stefnuleið 2020 leggur grundvöllinn að stefnumótun og áætlanagerð aðildarfélaganna. Þetta er síkvikur rammi sem veitir svigrúm til að takast á við mismunandi þjóðfélagsgerðir og breytilegar aðstæður. Stefnuleið 2020 hvetur félagsmenn, sjálfbóðaliða, starfsfólk og stuðningsmenn til að taka höndum saman á skapandi og hugmyndaríkan hátt til að gera stefnuáætlunina að raunhæfu verkfæri til að hafa raunveruleg áhrif. Til frekari stuðnings við Stefnuleið 2020 mun Alþjóðasambandið gera grein fyrir árangri vinnunnar á þingi sambandsins á tveggja ára fresti. Endurskoðun stefnunnar fer fram 2015 og endanlegt mat verður lagt á árangurinn 2019.

< From left to right, top to bottom: Gerald Czech / Austrian Red Cross; Till Mayer/IFRC; Marko Kocic/ICRC; Ben Hondik

HUGSJÓNIR OKKAR

Mannúð
Óhlutdrægni
Hlutleysi
Sjálfstæði
Sjálfböðin þjónusta
Eining
Alheimshreyfing

STARF OKKAR BYGGIR Á SAMEIGINLEGU GILDISMATI

Fólk: Við byggjum á getu fólks og samfélaga til að vinna saman að því að leita varanlegra lausna á alvarlegustu vandamálum þeirra og hættum.

Heilindi: Við vinnum í samræmi við grundvallarmarkmið okkar á gagnsæjan hátt og stöndum reikningsskil gerða okkar.

Samvinna: Sem liðsmenn Alþjóðahreyfingar Rauða



krossins og Rauða hálfmánans höfum við lög og samþykktir hreyfingarinnar í heiðri og störfum með stjórnvöldum og öðrum samtökum í samræmi við grundvallarmarkmið okkar, án þess að hvika frá trúnaði okkar við merki hreyfingarinnar eða það sjálfstæði, óhlutdrægni og hlutleysi sem merkin eru tákn um.

Fjölbreytni: Við virðum fjölbreytni samfélaganna, sjálfböðaliðanna og starfsfólksins sem við störfum með á grundvelli jöfnuðar og grundvallarmarkmiðanna um óhlutdrægni, einingu og alheimshreyfingu.

Forusta: Við sýnum forustu og gerum jafnan okkar besta og beinum þannig athyglinni að réttindum, þörfum og berskjöldun samfélaga og þeirra þátta sem mestu valda þar um.

Nýsköpun: Við sækjum innblástur úr sameiginlegri sögu okkar og siðvenjum en erum jafnframt ævinlega reiðubúin að leita frumlegra og varanlegra lausna á vandamálum sem ógna velferð fólks og reism þess í breytilegum heimi.



HVER VIÐ ERUM

Hlutverk okkar í heiminum

HUGSÓJNIR Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans eiga sér fulltrúa um allan heim, ekki aðeins með sýnilegum áhrifum af verkum okkar í óteljandi bæjum, þorpum og hverfum, heldur einnig með því að hafa áhrif á hugi og hjörtu. Almenn er litið á okkur sem almenningseign — við erum til reiðu fyrir alla, alls staðar, til að koma í veg fyrir eða draga úr þjáningu fólks. Allt sem við segjum og gerum byggir á grundvallarmarkmiðum okkar um mannúð, óhlutdrægni, hlutleysi, sjálfstæði, sjálfböðna þjónustu, einingu og alheimshreyfingu. Hert er á þessum markmiðum með sameiginlegum gildum — samstarfi við fólk, heilindi, samvinnu, fjölbreytni, forustu og nýsköpun – sem leggja okkur línurnar um vinnu og verklag.

Rauði krossinn, rauði hálfmáninn og rauði kristallinn njóta alþjóðlegrar viðurkenningar, trausts og lögformlegrar verndar sem merki um nærveru okkar. Vinna okkar er innt af hendi af mikils metnu neti tugmilljóna sjálfböðaliða og félagsmanna. Þeir eiga aðild að landsfélögum Rauða krossins eða Rauða hálfmánans í sínum heimalöndum sem hafa sérstaka og skilgreinda stöðu í landslögum og starfa við **hlið stjórnvalda** sem sérstakir samstarfsaðilar um mannúðarþjónustu.

Landsfélögin sameinast í Alþjóðasambandi Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC). Þar koma þau fram sem ein heild í orði og á borði og taka höndum saman í mikilvægum málum í þeirri fullvissu að möguleikarnir til að hafa jákvæð áhrif á stöðu þeirra sem bágast eru settir eru í vaxandi mæli háðir fjölpjöldlegum

tengingum og hagsmunum heimsvæðingarinnar. Alþjóðasambandið hefur aðalskrifstofu sína í Genf. Það starfar samkvæmt stofnskrá sinni og er stjórnað af þingi landsfélaganna sem ákveða stefnuna og reglur og skyldur aðildarfélaganna. Þingið kemur saman á tveggja ára fresti og velur forseta og stjórn til að stýra sambandinu á milli þinga.

Alþjóðasambandið er hluti af **Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans** ásamt **Alþjóðaráði Rauða krossins (ICRC)**.

Stofnskrá og stefnuáætlun hreyfingarinnar skilgreina hlutverk hennar, styrkja samvinnu og samhæfingu milli hinna þriggja hluta Alþjóðahreyfingarinnar, treysta sameiginlegt hlutverk þeirra og efla sameinlega skilvirkni og afl í þjónustu mannkyns. Á tveggja ára fresti kemur hreyfingin saman á fundum Fulltrúaráðsins (Council of Delegates) til að leggja á ráðin um sameiginleg verkefni og málsvörun. Á fjögurra ára fresti er haldin Alþjóðaráðstefna Rauða krossins og Rauða hálfmánans, þar sem saman koma fulltrúar hreyfingarinnar og fulltrúar ríkja sem hafa undirritað Genfarsáttmálana, til að fjalla um stærstu mannúðarmál hvers tíma.

Áleiðis til 2020: að gera meira, gera betur og ná til fleiri

Stefnuleið 2010 (Strategy 2010) var stefnumörkun Alþjóðasambandsins fyrir hið nýja árpúsund. Tilgangur stefnunnar var að 'bæta hag hinna verst settu með því að virkja mátt mannúðar' og var megináherslan lögð á fjóra þætti: útbreiðslu grundvallarmarkmiða og mannúðar-



gilda hreyfingarinnar; viðbrögð við hamfaratjóni; varnir gegn náttúruhamförum og heilbrigðisþjónustu í nærsamfélögum. Úttekt á stefnunni árið 2005 gat af sérsterkara Alþjóðasamband framtíðarinnar, þar á meðal skerpta Verkáætlun (Global Agenda) og Verkefnamma (Framework for Action) um eflingu og aukningu félagsstarfsins.

Við stefnumótunina til 2020 höfum við litið um öxl og byggt á því sem áunnist hefur á liðnum áratug. Við höfum fært félagsskap okkar til nútímalegra horfs, breikkað samstarfsvettvang okkar, stækkað sjálfbærliðakerfið, aukið ábyrgð okkar og skilvirkni og styrkt formlegt samstarf við aðila innan hreyfingar og utan. Við höfum sýnt fram á hagnýti og kosti fjölbreytni Alþjóðasambandsins til að ná til fleiri með fjölbreyttari þjónustu. Þar á meðal má nefna neyðarþjónustu og vernd á tímum hamfara og átaka. Við erum einnig virk í að veita félagslega aðstoð og við aðstoðum samfélög við eflingu heilbrigðis og að draga úr tjónnæmi. Með öðrum orðum: við höfum sýnt fram á kosti þess að taka þátt í beinu og margháttaðu staðbundnu sjálfbærliðastarfi og jafnframt beitt áhrifum okkar á meðal þeirra sem valdið hafa til að vekja athygli á vanda og hagsmunum þeirra sem verst eru staddir.

Við höfum einnig fundið þörf til að bæta okkur á mörgum sviðum. Með umskiptunum frá Stefnuleið 2010 til Stefnuleiðar 2020 erum við staðráðin í að gera meira, gera betur og ná til fleiri. Þetta munum við gera með:

- > straumlínulagaðri heildarstefnu til að leiða alla starfsemi Alþjóðasambandsins, þar á meðal bæði innlenda og erlenda starfsemi landsfélaganna;
- > ítrekun á hlutverki landsfélaganna á heimavelli sem vel fjármögnuðum og vel reknum sjálfstæðum einingum með öflugan og fjölbreyttan hóp félags-

manna, sjálfbærliða og annarra stuðningsmanna;

- > aukinni áherslu á þróunarvinnu okkar jafnhliða vel þekktu neyðarhjálpstarfi;
- > því að keppa að jafnrétti í félagsskap okkar og verkum og tryggja að hvergi sé að finna kynjabundna eða aðra mismunun í stefnumálum okkar eða starfi, og með því að tryggja þeim sem verst eru settir meiri þátttöku;
- > betri aðferðum við að vinna saman svo að öll okkar hæfni og geta sé notuð á sem skilvirkastan hátt við að þjónusta þá sem mesta þörf hafa; þessu verður fylgt eftir með meira gagnsæi og sveigjanleika í samstarfi við aðila utan hreyfingarinnar;
- > öflugri málsvörn fyrir hönd þeirra sem eiga um sárt að binda eða eiga erfitt uppdráttar, án þess að slaka á afstöðu okkar til grundvallarmarkmiða hreyfingarinnar;
- > samræmdri aðferðafræði alls Alþjóðasambandsins til verkáætlana, verkeftirlits og gagnsæis;
- > samræmdum stjórnunarháttum (governance) alls Alþjóðasambandsins til að tryggja betra eftirlit og jafnan stuðning við aðildarfélögin í samræmi við stofnskrá sambandsins;
- > vel rekinni og einbeittri aðalskrifstofu af rétttri stærð sem uppfyllir meginskyldur sínar um nánari stuðning við landsfélögin með óhlutdrægni, fagmennsku og gagnsæi.

Endurnýjun framtíðarsýnar fyrir heim í deiglu

Á vegferð okkar til að **gera meira og betur** verður einnig nauðsynlegt að **vinna öðruvísi** til að geta aðlagast

vandamálum og tækifærum sem gefast í ört breytilegum heimi. Nýliðnir áratugir hafa vakið von. Lýðræði er í sókn, heilbrigðisþjónusta og menntun hafa batnað og hugvitssemi mannsins nýtur sín í framförum í tækni og vísindum. Þetta hefur getið af sér aukinn sköpunarkraft, aukna framleiðni og sameiginlega félagsvitund sem hefur stuðlað að því að milljónir manna hafa brotist út úr sárrí fátækt. En þessum framförum hefur verið misskipt, ójafnræði í mörgum heimshlutum og ískyggilegar framtíðarhorfur ógna þeim árangri sem harðfylgi hefur skilað.

Aukin verslun, hvers konar samskipti og gagnkvæm hagsmunatengsl heimsvæðingarinnar eru ekki stundarfyrirbæri. Hagsbótunum er hins vegar ekki réttlátlega skipt og áföll af fjárhagslegum og efnahagslegum lægðum geta haft þungbær langtímaáhrif sem auka enn á óánægju er sprettur af vaxandi misræmi. Ástandið versnar svo af völdum misskiptingar og misréttis sem stafar af samspili breyttra lifnaðarháttá, svo sem með vaxandi fjölda aldraðra og óheftri stækkun borgarsamfélaga. Tengt þessu er stóraukið ofbeldi — einkum meðal ungs fólks — nauðungarflutningar, gróðrarstíur sjúkdóma og smita, spilling umhverfis og skertur aðgangur að mat, vatni og náttúruauðlindum. Jafnframt þessu valda fleiri og alvarlegri náttúruhamfarir meira tjóni, skaða og uppflösnun. Loftslagsbreytingar munu valda djúpstæðum breytingum á lifnaðarháttum okkar og því hvernig við aukum hagvöxt og deilum honum. Þessar tilhneigingar eru líklegar til að magna upp varnarleysi mikils fjölda fólks og skapa ný mynstur einangrunar, fátæktar og öryggisleysis.

Svo flókin og samtvinnuð vandamál krefjast umbreytinga

í hugarfari og afstöðu eigi að takast að breyta því hvernig við lifum, hvernig við eigum samskipti hvert við annað og hvernig við förum með plánetuna sem við deilum. En sögulegar breytingar í alþjóðastjórnsmálum fela einnig í sér tækifæri til að skapa fjölþættara samspil þjóða og alþjóðasamtaka. Fyrir Alþjóðasambandið þýðir þetta stöðuga aðlögun að breyttu eðli samfélaga og þörfum þeirra og breytt mynstur í sjálfböðnu starfi. Við munum þróa nýja hæfni og getu í okkar röðum, virkja samfélög okkar með nýstárlegu móti og tileinka okkur nýja þekkingu og framfarir í fjölmiðlun og tækni. Með því móti getum við starfað á mun breiðari grunni sem er forsenda þess að við getum tekist á við þær þarfir og það varnarleysi sem okkur er skylt, miðað við stærð okkar, styrk og möguleika.

Framtíðarsýn Alþjóðasambandsins felur þetta í sér og veitir forskrift að stefnuýfirlýsingum aðildarfélaganna og aðalskrifstofunnar:



FRAMTÍÐARSÝN ALÞJÓÐASAMBANDSINS

Að veita stöðuga hvatningu, örvun, fyrirgreiðslu og kynningu á hvers kyns mannúðarstarfi landsfélaganna til að hindra eða draga úr þjáningu fólks og leggja þannig okkar af mörkum til varðveislu og stuðnings mannlegri reisn og friði í heiminum.



HVAÐ VIÐ GERUM

VEGFERÐIN sem hófst með Stefnuleið 2010 og sá árangur sem af henni hlaut gerir okkur nú kleift að einbeita okkur að þremur meginstefnumarkmiðum á næsta áratug. Hvert eitt þessara markmiða kallast á við hin tvö. Fyrsta áhersluatriðið snýr að vel þekktu hlutverki okkar og endurnýjar þann ásetning að vera í fararbroddi í mannúðarstörfum. Annað atriðið og það þriðja stefna að því að byggja á þeim styrk sem við búum þegar yfir og ítreka þann ásetning að gera betur í þróunarstarfi með því að koma í veg fyrir, og draga úr, undirliggjandi orsakir þeirrar berskjöldunar sem umbjóðendur okkar búa við.

Sem fyrr sækjum við okkur innblástur í þær mannúðarhugsjónir sem felast í grundvallarmarkmiðum og -gildum hreyfingarinnar sem jafnframt fela í sér hvatningu til framþróunar. Í okkar augum þýðir 'framþróun' að hver maður sé fær um að nýta til fulls alla sína möguleika og lifa árangursríku og skapandi lífi með reisn í samræmi við þarfir sínar og val, jafnframt því sem hann rækir skyldur sínar og nýtur réttinda sinna. Til að svo megi verða þarf breytt hugarfar og ný lífsviðhorf. Þetta krefst þess einnig

að til verði nægileg hæfi og geta, bæði félagslega og í stofnunum samfélaga okkar. Það er brýnt að þróunin byggji á ábyrgri notkun auðlinda svo að uppfylla megi þarfir dagsins í dag án þess að þörfum kynslóða framtíðarinnar sé stefnt í voða.



STEFNUMARKMIÐ 2020

1. Björgun mannlífa, verndun lífsviðurværis, efling endurreisnar eftir hamfarir og áföll
2. Trygging heilbrigðs og öruggs lífs
3. Áhersla á félagslega samstöðu, frið og virðingu fyrir friðsamlegri sambúð

ÁVINNINGURINN AF STEFNULEIÐ 2020

Stefnuleið 2020 er ætlað að skila hagsbótum til allra þeirra sem til okkar leita um aðstoð við að byggja upp manneskjulegri og friðsamlegri heim þar sem fólk heldur reisn sinni. Hún byggir á upplýstri þekkingu á þörfum og vandamálum samfélaganna sem við vinnum í og tekur mið af þeim réttindum og frelsi sem sérhver manneskja á heimtingu á.

- > Landsfélögin verða fær um að gera meira og gera betur í starfi sínu með berskjölduðu fólki og nota til þess aðferðir sem aðlaga má aðstæðum á hverjum stað. Þau munu hafa meira afl og meira fjárhagslegt bolmagn. Félagsmenn þeirra, sjálfboðaliðar og aðrir stuðningsmenn verða virkari þátttakendur því að þeir munu fá meiri hvatningu, búa við betra skipulag og fá meiri stuðning. Landsfélögin verða skilvirkari samstarfsaðilar yfirvalda í landi sínu og áreiðanlegri samstarfsmenn annarra aðila á sviði mannúðar- og þróunarsamvinnu.
- > Landsfélög sem vinna saman og fá stuðning frá aðalskrifstofu Alþjóðasambandsins verða sterkari liðsheild, jafnframt því sem þau virða innbyrðis fjölbreytileika. Við verðum skilvirkari í að bjóða fram okkar sameiginlega afl hvar og hvenær sem þörfin er mest. Vð munum verða afkastameiri í starfi og betri talsmenn fyrir þörfum og réttindum varnarlauss fólks.
- > Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans mun njóta góðs af öflugri samstarfsaðilum í landsfélögunum og öflugri aðalskrifstofu sem vinnur með ICRC að útbreiðslu og ástundun mannúðarsjónarmiða okkar og -gilda, hins sameiginlega grundvallar alls okkar starfs.

FRAMTÍÐARSÝN 2020





MARKMIÐ NÚMER 1

BJÖRGUN MANNSLÍFA, VERNDUN LÍFSVIÐURVÆRIS OG EFLING ENDURREISNAR EFTIR HAMFARIR OG ÁFÖLL

Það er eðli hamfara að valda alvarlegri truflun á virkni samfélagsins með tjóni og upplausn sem eru samfélaginu ofviða. Þegar hamfarir verða, hvort heldur er af náttúrunnar eða mannanna völdum, eða áföll vegna vopnaðra átaka, er fyrsta skyldan að bjarga mannlífum, draga úr þjáningu fólks, missi þess og tjóni, og að vernda, hugga og styðja það fólk sem fyrir áfallinu verður. Hamfarir eða áföll geta brostið á fyrirvaralaust eða þróast smám saman. Hvort heldur sem er, þá er það frumskylda okkar að vera vel búin undir að nýta alla möguleika til að veita aðstoð í samræmi við þarfir karla, kvenna og barna – hvar og hvenær sem er.

Viðbúnaður og viðbrögð við hamförum og áföllum

Þegar hamfarir eða áföll dynja yfir þarf að gæta þess að sú mannúðaraðstoð eða vernd sem látin er í té sé í samræmi við þarfirnar sem ættu að hafa verið skilgreindar

með tafarlausu og ítarlegu mati. Hvers kyns mannúðaraðstoð þarf að taka tillit til kyns, aldurs og annarra félags- og efnahagslegra þátta, auk þess að vera í réttu hlutfalli við umfang vandans. Hjálp skal fyrst veita þeim sem verst eru settir og hana ber að setja fram af fullri virðingu fyrir hlutaðeigandi.

Við erum óaðskiljanlegur hluti af samfélögum okkar og höfum því stöðugan aðgang að upplýsingum og skilningi á þörfum þeirra, hættum sem að þeim steðja og þeim mætti sem þar er fyrir hendi. Skipulögð viðbrögð við hamförum og áföllum byrja með undirbúningi fyrstu aðgerða hjá þjálfuðum hópum sjálfboðaliða. Það felur einnig í sér að koma þarf upp, og viðhalda, varabirgðum nauðsynja og búa yfir skilvirku geymslu-, flutninga- og samskiptakerfi. Áreiðanleg viðvörðunarkerfi eru nauðsynleg til að bjarga sem flestum mannlífum og vernda eignir og atvinnutæki. Að auki gera viðbragðsáætlanir okkar ráð fyrir nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu, matvælum, vatni og hreinlætisaðstöðu. Við aðstoðum fólk við að hafa upp á ættingjum sínum hafi fjölskyldutengsl rofnað. Við höfum forustu um útvegum neyðarskýla samkvæmt samkomulagi okkar við aðrar hjálparstofnanir um verkaskiptingu á hamfarasvæðum.

Viðeigandi lagasetning er nauðsynleg til að tryggja að aðstoð berist hratt og örugglega til þeirra sem verst hafa orðið úti. Við leggjum því ríka áherslu á setningu laga um hamfaravarnir — viðbrögð, grundvallaratriði og reglur, í einstökum löndum og alþjóðlega. Slíkum lögum er ætlað að auðvelda aðgerðir og styrkja hlutverk heimamanna til að tryggja að neyðarhjálp og enduruppbygging sé skilvirk og fari fram af fullri virðingu fyrir

reisin og réttindum þeirra sem aðstoðarinnar njóta. Við beitum okkur einnig fyrir samstarfi sem lýtur að því að tryggja alþjóðlega samvinnu um fyrirbyggjandi aðgerðir og að aðstoð sé veitt á fyrirsjáanlegan og viðeigandi máta.

Enduruppbygging eftir hamfarir og áföll

Forsenda þess að draga megi úr neikvæðum áhrifum hamfara og áfalla er að koma á jafnvægi sem allra fyrst. Það skapar fólki tækifæri til að hefja enduruppbyggingu lífsviðurværis síns og samfélaga. Að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna beinist uppbyggingarstarfsemi okkar almennt að því að koma í veg fyrir frekari skaða og tjón, endurheimta grunnþjónustu, vernda heilbrigði fólks, veita sálfélagslegan stuðning, endurreisa lífsviðurværi og tryggja aðgang að matvælum. Enduruppbyggingin þarf að vera með þeim hætti að heimamenn eigi þátt í henni og að hún dragi jafnframt úr hættu sem fylgir næstu hamförum eða áföllum. Með því móti eru samfélögin gerð öruggari en þau voru fyrir.

Stjórnun neyðarhjálp

Það er á meginábyrgð landsfélaganna að byggja upp hæfni og þekkingu til að bregðast rétt við hamförum, þau eru hluti þess samfélags sem orðið hefur fyrir skakkaföllum. Hins vegar er það svo að meiriháttar áföll geta verið ofviða jafnvel þeim sem best eru búnir. Þess vegna hafa landsfélögin sammælt um að styðja hvert annað og hafa byggt upp viðbragðsáætlanir í því skyni. Samkvæmt stofnskrá Alþjóðasambandsins er eitt meginþjónustuhlutverk aðalskrifstofunnar að „skipuleggja, samhæfa

og stýra alþjóðlegri neyðarhjálp“. Með því að nýta þann mátt sem býr í aðildarfélögunum er hægt að tryggja að skilvirk tæki og nægur mannaflí sé ævinlega til reiðu og þannig verður til órofa líðsheild frá einstökum byggðarlögum, landsfélögum, svæðum og öðrum löndum. Þetta gefur okkur sannfæringu fyrir því að við munum geta tekist á við þann vaxandi fjölda sífellt erfiðari verkefna sem reiknað er með. ICRC og Alþjóðasambandið vinna einnig náið saman að því að viðhalda viðbragðsgetu hreyfingarinnar til að vernda og aðstoða fólk sem á um sárt að binda vegna vopnaðra átaka og ofbeldis.



ÁÆTLAÐUR ÁRANGUR AF MARKMIÐI 1

- > Landsfélögin búa yfir nægilegri hæfni og þekkingu til að bregðast skjótt við á viðeigandi hátt þegar áföll eða hamfarir dynja yfir
- > Færri dauðsföll, minna fjárhagstjón, minni skemmdir og færri aðrar neikvæðar afleiðingar hamfara og áfalla
- > Samfélög ná sér betur af stað á ný eftir hamfarir og áföll



MARKMIÐ NÚMER 2

TRYGGING HEILBRIGÐS OG ÖRUGGS LÍFS

Okkar sérstaka framlag til sjálfbærrar þróunar felst í því að styrkja þanþol nærsamfélaga, þ.e. getuna til að aðlagast og takast á við síendurtekin eða langvarandi áföll og óáran, sem og viðtækari félags- og efnahagslegar umbreytingar, og auðvelda fólki þannig að vernda og byggja á þeim framförum sem þegar hafa orðið. Við styrkjum þanþol samfélaganna með því að aðstoða fólk við að halda heilsu og koma í veg fyrir, eða draga úr, hættur sem fyrir eru svo að það megi njóta betra og öruggara lífs í sátt við náttúruna. Þannig aukið þol samfélaga er mikilvægt fyrir bæði ríka og fátæka, ekki síst í ljósi alþjóðlegra ógnvalda á borð við loftslagsbreytingar, efnahagskreppur og sjúkdómafaraldra. En hæfnin til að aðlagast heimi í sífelldri deiglu krefst þess einnig að við beitum áhrifum okkar til að hafa áhrif á stefnumörkun og sálfélagsleg viðmið og leitumst við að aðstoða þá sem standa berskjaldaðir í umkomuleysi sínu.

Betra heilsufar

Gott heilsufar – þ.e. andleg, líkamleg og félagsleg vellíðan – gefur okkur tækifæri til að njóta mannréttinda okkar til fulls. Verkefnum okkar á sviði heilbrigðismála er ætlað að draga úr varnarleysi einstaklinga og samfélaga. Hærrí meðalaldur, breytingar í mannfjöldaþróun, viðvarandi kynjamisrétti ásamt félagslegum og efnahagslegum breytingum og breyttu lífsmynstri margra – allt þetta hefur átt sinn þátt í umtalsverðri breytingu á útbreiðslu og hegðun sjúkdóma. Smitlausir sjúkdómar og smitlaust umhverfi mun hafa meiri áhrif í



David Beaber/The Times

framtíðinni. Helstu dánarorsakir í heiminum árið 2020 eru taldar verða hjartasjúkdómar, slög, þunglyndi, umferðarslys, áföll af völdum ofbeldis og átaka og sjúkdómar í öndunarfærum, ásamt með fylgikvillum barnsfæðinga, berkla, HIV-smits og niðurgangssjúkdóma. Draga mun úr tíðni malaríu og annarra smitsjúkdóma þótt þeir verði enn algengir í fátækari löndum.

Til viðbótar þessu munu nýir vírusar og aðrir sjúkdómsvaldar áfram valda usla. Forgangsmál okkar taka því mið af algengustu sjúkdómum í nærsamfélögum þegar við látum til okkar taka með eftirfarandi hætti:

- > Við reynum að auðvelda aðgang fólks að heilbrigðisþjónustu, einkum þess sem býr við takmarkaðan aðgang að henni, einnig þegar neyðarástand skapast.
- > Við styðjum við starf heilbrigðisþjónustunnar með því að kenna skyndihjálpmenn viðast og notum viðurkenndar aðferðir við að kljást við kjöraðstæður skordýra og annarra smitbera. Glíman við HIV og berkla verður áfram á forgangslista okkar ásamt því sem við beinum athygli okkar að malaríu, bólusetningum, viðbúnaði við sjúkdómafaröldrum, kvensjúkdómum og umönnun barna.
- > Við hvetjum einnig til blóðgjafa án endurgjalds og þess að tala máli þeirra sem dreifa blóði og blóðefnum á öruggan hátt. Með því að takast tafarlaust á við neyðaraðstæður og tryggja skjóta meðferð við algengum vandamálum á við næringarskort og

ófullkomna fæðingarhjálp má draga úr sjúkdómum og áföllum sem af þessu getur leitt.

- > Við styðjum umbætur í heilbrigðisþjónustu til að sinna sérstaklega hinum verst settu með næringu, menntun og öðrum viðbótarþáttum, auk sálfélaglegs stuðnings. Þetta tekur einnig til samhæfðrar heilbrigðisþjónustu sem allir hafa aðgang að og tekur tillits til aldurs og kyns, er vel tengd inn í heilsugæslu- og sjúkrahúsakerfið, og er í stakk búin til að þjóna sínu samfélagi svo vel sé.
- > Við hvetjum til aðgerða sem taka á þeim undirliggjandi félagslegu, persónulegu og umhverfislegu þáttum sem hafa áhrif á heilbrigði fólks. Þetta felur í sér að hafa áhrif á opinbera stefnumótun og virkni almennings til að hafa bein áhrif á þá staðbundnu þætti sem helst geta orðið til að draga úr dauðsföllum, sjúkdómum, slysum og fötlun. Meðal þessara þátta eru heilbrigðisfræðsla, betri aðgangur að drykkjarvatni og hreinlætisaðstöðu, betri umhirða, hreinna umhverfi, rétt mataræði og hreyfing, átak gegn reykingum, neyslu áfengis og annarri efnamisnotkun, streitumeðferð, barátta gegn fordómum og útskúfun fólks vegna HIV og berkla, hvatning til heilbrigðari kynhegðunar og meira öryggis á vinnustöðum, á heimilum og í umferðinni. Þetta felur einnig í sér að brjóta þarf upp fjölskyldumynstur langvarandi afskiptaleysis og vanrækslu sem oft kemur í veg fyrir að fólk geti nýtt sér heilsueflandi tækifæri og geti þannig lifað innihaldsríku lífi.

Minna varnarleysi gegn áhættu af hamförum og áföllum

Áhættan er sá möguleiki að hamfarir geti haft skaðleg áhrif á líf, eignir og viðurværi fólks og að þetta eigi sér rót í berskjöldun og varnarleysi samfélagsins gagnvart hættu sem stafar af náttúrulegum orsökum eða manngerðum. Við hvetjum því til alhliða aðgerða nærsamfélagsins til að útrýma þessum hættuþáttum hvenær sem þess er kostur og takmarka afl og áhrif hamfara ef ekki er hægt að koma fyrir þær. Útrýming hættuþáttanna hefst með því að unnið er með hverju samfélagi fyrir sig að því að kortleggja algengustu áhættur og freista þess að skilja í hverju varnarleysið er fólgið. Að þessu loknu geta samfélög hugsað upp heimagerðar aðferðir til að hafa stjórn á þessum hættuþáttum og aðgerðir til að draga úr skaðlegum áhrifum þeirra. Við beinum sjónum okkar sérstaklega að konum og börnum sem oft bregðast við á annan hátt en karlar. Hagnýtar aðferðir eru meðal annars að skapa vitund um „öryggis-kúltúr“ og leggja áherslu á sálfélagleg viðhorf því til stuðnings. Við hvetjum einnig til lagasetningar, opinberrar stefnumörkunar og hvata til að greiða fyrir slíkum aðgerðum. Jafnframt getum við gætt þess að þróunarverkefni sem við tökum þátt í skapi ekki nýjar hættur eða þá að þær eru mildaðar. Ennfremur er lögð á það áhersla að styrking innviða samfélagsins þarf að vera með þeim hætti að þeir geti starfað áfram þótt áföll dynji yfir.

Langtímanæringarstuðnings og -matvælaöryggis skal gætt þar sem þess er þörf með því að styrkja atvinnutækifæri heimamanna og auka á fjölbreytni í aðgengi að matvælum fyrir þá sem bágast eiga.

Tekist á við loftslagsbreytingar

Meiriháttar ástæður fyrir hættum sem stafa af hamförum og áföllum eru ofviðri og landeyðing, hvort tveggja rakið til loftslagsbreytinga. Við þurfum að viðurkenna að skilningur okkar á eðli og umfangi loftslagsbreytinga mun halda áfram að þróast til að geta lagt okkar af mörkum til að aðlagast breyttum aðstæðum — grípa til aðgerða til að draga úr varnarleysi samfélaga gagnvart breytingum í umhverfinu — og mildun áhrifanna, þ.e. umhverfisvænni hegðun sem getur dregið úr þeirri hækkun hitastigs á jörðinni sem veldur loftslagsbreytingunum. Viðleitni okkar til að aðlagast breyttu veðurfari felst í því að efla varnarhæfi okkar og styrkja jafnframt þær hefðbundnu aðferðir sem nýst hafa í glímunni við hamfarir við tiltekna umhverfislegar aðstæður.

Okkar framlag til mildunar áhrifanna af loftslagsbreytingum felst einnig í því að hvetja til almennrar þátttöku í verkefnum er stuðla að sjálfbærri þróun sem nýtir til fulls svokölluð 'kolefnaspor' nærsamfélagsins. Þetta þýðir að við hagnýtum orku á skilvirkari hátt til að draga úr umhverfisáhrifum af völdum gróðurhúsalofttegunda. Alþjóðasambandið gengur á undan með góðu fordæmi á þessu sviði.

ÁÆTLAÐUR ÁRANGUR AF MARKMIÐI 2

- > Betra heilsufar einstaklinga og samfélaga; greiðari aðgangur að heilbrigðisþjónustu
- > Minna varnarleysi og áhætta af völdum náttúrulegra og manngerðra áhættuþátta
- > Almennari aðlögun að umhverfisvænum lífnaðarháttum



MARKMIÐ NÚMER 3

ÁHERSLA Á FÉLAGSLEGA SAMSTÖÐU, FRÍÐ OG VIRÐINGU FYRIR FRÍÐSAMLEGGRI SAMBÚÐ

Algengustu birtingarmyndir berskjöldunar fátæks fólks spretta ekki aðeins af náttúruhamförum og sjúkdómum heldur einnig af margslungnum þáttum eins og misrétti sem á sér rætur í skorti og ósanngirni, afskiptum sem eiga sér rætur í misrétti, félagslegri einangrun og óréttlæti, og örvæntingu sem rekja má til einmanaleika, fáfræði og fátæktar. Allt of oft brýst slíkt út í ofbeldi fólks gegn sjálfu sér og öðrum og getur magnast upp í víðtækari átök innan samfélaga og milli þeirra og jafnvel á milli þjóða.

Í öllum samfélögum eru hópar fólks — oft duldir — sem ekki geta notið þeirra almennu lífsgæða sem flestir eiga greiðan aðgang að. Þessir hópar eru afskiptir, einangraðir og hafðir út undan marga hluta vegna, til dæmis efnahagslegra og atvinnulegra, vegna takmarkaðs aðgangs að upplýsingum, þekkingu eða samskiptatækni, eða jafnvel vegna fordóma og misréttis meðal almennings. Í þessum hópum eru konur og stúlkur sem eru í hættu vegna kynferðis síns; eldra fólk, fólk með HIV eða aðra sjúkdóma og fötlun; börn og ungt fólk í vanda, s.s. munaðarleysingar, götubörn og þau sem búa við

vinnuprælkun; fólk sem hefur flosnað upp frá heimilum sínum eða orðið fórnarlömb mansals; flóttamenn og farandverkamenn; fólk af tiltekinni kynhneigð, minnihlutahópar, fórnarlömb skaðlegra siðvenja og fjölmargir aðrir sem ekki fá notið mannréttinda sinna. Margt af þessu fólki býr við ofbeldi, misbeitingu og misnotkun.

Efnahagslegt og pólitískt ójafnræði í samfélögum, þjóðlöndum og heimshlutum — þar á meðal ójafnræði sem sprettur af eignarhaldi og aðgangi að auðlindum – veldur oft spennu og öryggisleysi meðal fólks. Markmið sjálfbærrar þróunar og hagvaxtar hlýtur að vera að tryggja að frekara ójafnræði skapist ekki og að skipting ávinnings framfara og auðsældar sé með þeim hætti að dregið sé úr ójafnræðinu.

Grundvallarmarkmiðin í verki

Við hvetjum til víðtækari skilnings á grundvallarmarkmiðum okkar og meiri hagnýtrar beitingar þeirra í daglegu lífi. Samkvæmt umboði okkar hvetjum við ævinlega til almennrar félagslegrar þátttöku í öllum okkar verkefnum og þjónustugreinum. Við kynnum og kennum atferli til samskipta, málamiðlunar og friðsamlegra satta. Við tökum virkan þátt í baráttunni gegn fordómum og hvetjum til umburðarlyndis og virðingar fyrir öllum sjónarmiðum sem búast má við í marglitum heimi. Það felur í sér að við mælum fyrir beitingu friðsamlegra aðferða til að brúa bil og koma í veg fyrir að átök brjótist út.

Við byrjum í eigin ranni. Með því að starfa í fullu





British Red Cross



Ben Handrik



Spanish Red Cross

samræmi við grundvallarmarkmið okkar og mannúðargildi endurspeglar samsetning og starfsemi landsfélagsins fjölbreytni samfélagsins og hefur innan sinna vébanda fulltrúa hópa sem eiga undir högg að sækja. Við keppum að jafnrétti í öllu okkar skipulagi og starfi og gætum þess sérstaklega að hvergi sé að finna misrétti af nokkru tagi hvað varðar laun og kjör, aðgengi að þjónustu eða töku ákvarðana. Við beitum sömu aðferð út á við til að hvetja til samskipta á milli ólíkra menningarheima og samstöðu innan samfélaga og á milli þeirra. Landsfélögin taka höndum saman með stjórnvöldum í sínum löndum til að kynna og virkja alþjóðleg mannúðarlög sem sett eru með stuðningi og þátttöku ICRC og Alþjóðasambandsins. Þetta gerum við með fræðslu og þjálfun sem sniðin er sérstaklega að þörfum ólíkra hópa. Við veitum vernd þegar þörf er á og nýtum sálfélagsglegar aðferðir til að hafa áhrif gegn ofbeldi þar sem þess er þörf. Við gefum þéttbýlinu sérstakar gætur. Þar getum við byggt upp þekkingu og hæfni til að þekkja siði og venjur sem útiloka og aðskilja fólk og beitt samskiptakunnáttu okkar til að takast á við slík mál með samræðum og lipurð.

Móttaka fólks sem á undir högg að sækja

Við beitum okkur á marga vegu til að breyta félagslegum viðhorfum og draga úr einangrun og afskiptaleysi sem einkennir líf margra sem búa við erfiðar aðstæður.

- > Við tökumst á við fordóma og misrétti á sama hátt og við sinnum öllum öðrum verkum, þar með talið skipulag og snið neyðarhjálp, heilsugæslu og félagslegrar aðstoðar sem tryggir að tekist sé á við fordóma og skaðleg viðhorf og venjur; hér beitum við fortölum og

virðjun almennings. Við sköpum umhverfi þar sem fólk, er býr við afskiptaleysi og fordóma, finnur að það er velkomið og öruggt og fær nytsamleg hlutverk með þátttöku í starfi okkar.

- > Við aðstoðum við þróun og viðhald sjálfstæðis og vellíðunar þeirra sem eru berskjaldaðir vegna stöðu sinnar. Við veitum hagnýta aðstoð við að uppfylla grundvallarþarfir og sálfélaglegan stuðning, sem og vernd og aðstoð við þá sem hafa orðið fyrir misnotkun eða misneytingu. Eldra fólk nýtur sérstakrar athygli okkar.
- > Við leggjum okkur fram um að efla tækifæri til lífsviðurværis og góðs þegnskapar sem auðvelda þeim er búa við erfiðar aðstæður að taka virkan þátt í samfélaginu. Þetta felur í sér raunhæfar aðgerðir til að efla hæfni þeirra til að eiga lifandi samskipti við umhverfi sitt í heild. Til dæmis má nefna að við tökumst á við erfiðleika innflytjenda með því að ráðast gegn undirliggjandi orsökum þess að þeir hafa neyðst til að fara að heiman; veitum aðstoð þeim innflytjendum sem hafa þörf fyrir hjálp og vernd; reynum að draga úr hættum á leið þeirra í leit að nýju lífi; gerum þeim kleift að leita varanlegra lausna á vanda sínum og hvetjum til viðtækari skilnings á réttindum farandverkafólks og innflytjenda til aðgengis í sitt nýja samfélag.
- > Við hvetjum til þess að minnimáttar fái meiri og betri aðgang að almannapjónustu. Við kynnum og hvetjum til viðurkenningar á sáttmálum og samningum um réttindi þeirra sem eiga undir högg að sækja og

beitum okkur fyrir greiðari aðgangi að heilbrigðis- og félagslega kerfinu.



Jakob Dall/Danish Red Cross



ÁÆTLAÐUR ÁRANGUR AF MARKMIÐI 3

- > Almennari stuðningur við grundvallarmarkmið okkar, minni fordómar og misrétti
- > Minna ofbeldi; oftast leyst úr samfélagslegum ágreiningi á friðsamlegan hátt
- > Þeir sem eiga undir högg að sækja verða fullgildir þátttakendur í samfélögum sínum



HVERNIG VIÐ STÖRFUM

HVERNIG náum við markmiðum okkar? Fyrst og fremst verðum við að huga að því að nota öll tiltæk ráð til að milda fyrirsjáanlega þjáningu og varnarleysi saklauss fólks. Við þurfum því að tryggja að skipulag okkar sé skilvirkt og afkastamikið. Þetta gerum við með þrennu móti - með hinum svokölluðu stuðningsleiðum. Hin fyrsta leggur áherslu á að landsfélögin eru grundvöllur alls sem við gerum. Önnur leiðin miðar að því að efla samræmi og áhrifamátt sameiginlegrar raddar hreyfingarinnar. Hinni þriðju er ætlað að auðvelda beitingu allrar getu Alþjóðasambandsins til að nýta til fulls aðgang okkar og afl til að ná sem bestum árangri í þágu þeirra sem við vinnum fyrir.



STUÐNINGSLEIÐIR TIL AÐ NÁ MARKMIÐUM OKKAR

1. Byggjum öflug landsfélög Rauða krossins og Rauða hálfmánans
2. Tölum máli mannúðar á opinberum vettvangi til að hindra berskjöldun og draga úr afleiðingum hennar í veröld heimsvæðingarinnar
3. Tryggjum skilvirkni í samstarfi Alþjóðasambandsins



Marko Kokec/ICRC

LEIÐ NÚMER 1 BYGGJUM ÖFLUG LANDS- FÉLÖG RAUÐA KROSSINS OG RAUÐA HÁLFMÁNANS

Til að fá viðurkenningu sem landsfélag Rauða krossins eða Rauða hálfmánans – og viðhalda henni – þarf að fylgja ákvæðum stofnskrár hreyfingarinnar (Statutes of the Movement). Landsfélag þarf sömuleiðis að tryggja reglulega endurskoðun eigin laga. Félagið þarf að vera eina slíka félagið í landinu og starfa í öllum landshlutum. Viðkomandi ríki þarf að vera aðili að fyrsta Genfarsáttmálanum frá 1949. Félagið skal njóta viðurkenningar stjórnvalda í landi sínu á grundvelli Genfarsáttmálanna og sérstakrar lagasetningar sem sjálfstætt félag sjálfbóðaliða er gegnir ákveðnu stuðningshlutverki (auxiliary status) á sviði mannúðarmála. Félagið þarf að viðurkenna og virða grundvallarmarkmið hreyfingarinnar og alþjóðleg mannúðarlög. Starfsemi félagsins skal rekin undir viðurkenndu nafni og merki af sjálfbóðaliðum og starfsfólki sem ráðið er án tillits til kynferðis, uppuna, kynhneigðar, stéttar, trúarbragða eða stjórnmálaskoðana.

Vel starfandi landsfélög

Landsfélögin reyna að vera góð í því sem þau gera. Þau ætla sér að vaxa og dafna svo að þau geti gert meira í þágu þeirra sem á þurfa að halda. Félögin hafa skilgreint meginleika sína sem skilvirkni, ásamt góðri forustu þar sem skýr skil eru á milli kjörinnar stjórnar og reksturs (governance/management), og skilvirkar leiðir til innan-



Fredrik Bärkenhammar / German Red Cross

hússamskipta. Þau bera sjálf ábyrgð á heilindum félagsins og þurfa að vera fær um að treysta innviði sína, þjónustu og málsvarahlutverk. Markmið félaganna er að reksturinn sé borinn uppi af sjálfsaflafé, framtaki og samvinnu, sem og að tryggja heilbrigða og gagnsæja notkun þess fjár sem þau hafa til ráðstöfunar. Hvert landsfélag er ábyrgt fyrir skipulagningu og umfangi þeirrar þjónustu sem það getur veitt með góðu móti. Grundvöllur þessa er nauðsynleg upplýsingaöflun og -greining sem sætir stöðugu endurmati og er birt opinberlega af ábyrgð. Landsfélagið mótar sína eigin stefnu og vinnuáætlun sem byggir á greiningu á þörfum, áhættuþáttum og réttindum þeirra sem njóta aðstoðar. Stefnuáætlunin skilgreinir einnig þörf fyrir þjónustu sem félagið veitir eða hyggst veita miðað við afl sitt og getu.

Hjarta hvers landsfélags er sjálfboðaliðanetið um allt land, skipt í deildir sjálfboðaliða og félagsmanna sem hafa gengist undir að hlíta grundvallarmarkmiðunum og lögum síns félags. Þegar settar eru viðbótarreglur um þátttöku, svo sem um greiðslu félagsgjalda, verður félagið að hafa í huga að það skal vera opið öllum án manngreinarálits. Félagsmenn hafa tækifæri til að bjóða sig fram til trúnaðarstarfa eða kjósa aðra til þeirra, og gera stjórn félagsins eða deildarinnar ábyrga fyrir störfum sínum og athöfnum.

Landsfélögin laða að sér úr öllum áttum og þjóðfélagsþópum fólk sem er fulltrúar síns samfélags. Ekki má gera greinarmun á fólki eftir kynferði þess, uppuna, kynhneigð, stétt, trúarbrögðum eða stjórnmálaskoðunum. Í gegnum kjörna stjórn og stjórnendur félagsins geta félagsmenn, sjálfboðaliðar og starfsfólk tekið virkan þátt

í ákvarðanatöku. Landsfélögin tryggja hættulausa vinnustaði og bera umhyggju fyrir líkamlegri og sálfragslegri vellíðan starfsmanna sinna.

Landsfélögin tileinka sér símenntun og lærdóm og taka virkan þátt í starfi Alþjóðasambandsins til að deila þekkingu sinni, kunnáttu og bolmagni. Sérhvert félag setur sér reglur og markmið um fræðslu og þjálfun í samræmi við reglur um óháða rýni og mat sem er lagt til grundvallar skilgreiningu á vel starfandi landsfélögum.

Ungmennastarf

Ekki verður lögð of rík áhersla á mikilvægi þess í bráð og lengd að fjárfesta í ungu fólki. Landsfélögin verða að gefa sérstakan gaum að ungu fólki í vanda og taka fullt tillit til kyn- og aldursbundinna þarfa þeirra.

Ungt fólk leggur sitt fram á margvíslegan hátt og félögin þurfa að viðurkenna hæfi þeirra sem hugmyndasmiða, sendiherra á milli menningarheima og stuðningsaðila við jafnaldrá sína. Ungu fólkið þarf að mennta og gefa tækifæri til að gegna forustuhlutverkum í sjálfboðaliðastarfi, stjórnnum og þjónustu landsfélaga sinna. Þetta kallar á óhefðbundnar aðferðir sem og sérstaka þjálfun og uppbyggingu nauðsynlegrar kunnáttu. Samskiptanet og skipulagðar einingar styrkja þetta ómetanlega afl. Ungt fólk flytur með sér nauðsynlega kunnáttu í samvinnu við vaxandi fjölda eldra fólks og þessir hópar vinna saman af gagnkvæmri virðingu. Þetta er nauðsynlegt til að tryggja að þekking og reynsla færast á milli kynslóða og er forsenda framfara og stöðugleika.

Sjálfboðaliðar og nærsamfélagið

Sterk og samhent samfélög eru grundvöllur þess að landsfélögin geti veitt þjónustu sína. Með þessu er viðurkennt að fólk er mikilvægasta auðlind hvers samfélags sem getur því aðeins eflst og dafnað að forustan komi þaðan og að eignarhald framkvæmda og framfara sé þar. Í okkar augum eru samfélögin ekki verkefni heldur upphaf, landsfélögin þjóna samfélögunum innan frá. Geta fyrirfinnst í öllum samfélögum, sama hversu fátæk þau eru. Þessa getu má virkja og skipuleggja til að taka þátt í starfi landsfélagsins og ná þannig til þeirra sem eru í sérstakri þörf fyrir stuðning. Þar af leiðir að efling deilda er nauðsynleg, þær eru óaðskiljanlegur hluti hvers nærsamfélags og auðga litróf þess.

Eðli samfélaga er að taka grundvallarbreytingum. Fólk kennir sig ekki lengur aðeins við heimabæ sinn eða vinnustað, heldur einnig við tengslanet sameiginlegra áhugamála og jafnvel 'sýndarsamfélög' á Netinu. Við leggjum því áherslu á að beita nýjum aðferðum til að ná til þessara óhefðbundnu samfélaga með því að virkja almenning og tileinka okkur ný samskiptaform.

Sjálfboðin þjónusta er kjarninn í uppbyggingu hvers samfélags. Sjálfboðavinna byggir upp traust og gagnkvæmni. Hún hvetur fólk til að vera ábyrgir borgarar og skapar andrúmsloft þar sem má læra þær skyldur er fylgja lýðræðislegri þátttöku. Sjálfboðaliðastarf landsfélaganna er innt af hendi af fólki sem hefur tileinkað sér grundvallarmarkmið hreyfingarinnar og leggur sitt af mörkum af frjálsum og fúsum vilja, án þess að ætlast til nokkurs endurgjalds. Sjálfboðaliðar okkar þjóna þeim sem minna mega sín og stefna að því að skapa

mannúðlegri og friðsamlegri heim. Þeir leggja til tíma sinn og kunnáttu, ýmist reglulega eða af og til, í þágu félagsins — við fjáröflun, skrifstofustörf, stjórnarstörf eða ráðgjöf. Landsfélögin hafa einsett sér að gera hvaðeina til að halda lengur og betur í sjálfböðaliða sína og bæta þjónustu við þá, efla getu þeirra og mátt og láta þá finna að þeir eru velkomnir í faðm félagsins. Þetta þýðir að sjálfböðaliðarnir þurfa að fá þjálfun, stýringu, viðurkenningu og eftirlit, tækifæri til að gera betur með þátttöku í skipulagi og endurbótum á verkefnum sem þeir taka þátt í, njóta trygginga, hafa aðgang að nauðsynlegum tækjum og tólum, fá sálfélagslegan stuðning þegar þess gerist þörf og hafa aðgang að stuðningsneti í samræmi við þau verk sem unnin eru.

Breytingar á lífsmynstri fólks munu halda áfram að hafa áhrif á það hvernig fólk tekur þátt í sjálfböðaliðastarfi. Það verður óformlegra og lausara í reipunum. Alþjóðasambandið hvetur til lagalegrar, félagslegrar og efnahagslegrar stefnumótunar sem virðir og hvetur til sjálfböðaliðastarfs í auknum mæli.



Tom Van Cakenberghe/omaxia/IFRC



ÆTLUÐ ÁHRIF AF STUÐNINGSLEIÐ 1

- > Landsfélögin búa yfir stærri og öflugri hópi sjálfböðaliða um allt land
- > Aukinn áhugi á sjálfböðinni þjónustu; meiri þátttaka og forusta ungs fólks í starfi landsfélaga og samfélagsins í heild
- > Aukin viðvarandi þjónusta landsfélagsins við þá sem minnst mega sín

LEIÐ NÚMER 2

TÖLUM MÁLI MANNÚÐAR Á OPINBERUM VETTVANGI TIL AÐ HINDRA BERSKJÖLDUN OG DRAGA ÚR AFLEIÐINGUM HENNAR Í HEIMSVÆÐINGUNNI

Alþjóðlegur erindrekstur okkar í þágu mannúðarstarfs beinist að því að sannfæra ráðamenn og áhrifavalda um að þeim beri ævinlega að taka afstöðu með berskjölduðu fólki og gæta hagsmuna þess, og að virða grundvallarmarkmið hreyfingarinnar.

Þessi alþjóðlegi erindrekstur er margþætt viðleitni til að vekja athygli á þörfum og réttindum varnarlauss fólks og er jafnframt ætlað að gefa þeim skýra rödd í öllum samningum um málefni þess. Við reynum að koma í veg fyrir og draga úr varnarleysi þessa fólks með því að nýta stöðu okkar sem sérstakur samstarfsaðili stjórnvalda til að fá meiri og betri aðgang að fólki í brýnni þörf fyrir aðstoð, og með því að vekja athygli á orsökum og hugsanlegum afleiðingum þess varnarleysis sem við er að etja. Við kynnum ímynd hreyfingarinnar í gegnum alþjóðlegt net upplýstra fulltrúa sem geta kynnt verk okkar enn frekar. Þetta starf nýtur öflugssamstarfs við aðila utan hreyfingarinnar og nýtur stöðugt betri fjármögnunar.

Sérstakt stuðningshlutverk á sviði mannúðarmála: einstakt samstarf ríkja og landsfélaga

Ein frumskylda ríkisvaldsins er að bregðast við varnarleysi og berskjöldun fólks í landi sínu. Mikilvægasti þátturinn í hinu sérstaka stuðningshlutverki (auxiliary status) landsfélagsins er að aðstoða ríkisvaldið við að gegna þessu ábyrgðarhlutverki.

Þær aðstæður geta komið upp að nauðsynlegt sé að óháð stofnun, sem nýtur viðurkenningar allra aðila, taki að sér að ná til berskjaldaðra samfélaga sem aðrir geta ekki sinnt. Hið sérstaka stuðningshlutverk felur í sér hlutlaust og óhlutdrægt andrúm til mannúðarstarfa og veitir Rauða krossinum og Rauða hálfmánanum aðgang og rými til að starfa óhindrað að því að þjóna hinum berskjölduðu í samræmi við þarfir þeirra.

Það er með þetta í huga sem landsfélögin skapa og efla tengsl sín við stjórnvöld — á grunni jafnréttis og trausts — með því að hafa til stöðugar athugunar og endurskoðunar hvort nauðsynlegt kunni að vera að gera breytingar á lagaumhverfinu um hina sérstöku stöðu. Þetta tiltekna og einstaka samstarf er rækt með umræðu, trausti, gagnkvæmum skilningi og virðingu þannig að viðkvæmustu álitamál um mannúðarmál megi ræða á uppbyggilegan og hlutlægan hátt í fullum trúnaði. Þetta stoðhlutverk landsfélaganna gefur þeim möguleika á að hafa áhrif á stefnumörkun stjórnvalda og aðgang að hluta þess fjár sem er til ráðstöfunar til mannúðarmála.

Hið sérstaka stoðhlutverk felur í sér:

- > þátttöku landsfélagsins í framkvæmd skuldbindinga viðkomandi ríkisvalds á grundvelli alþjóðalaga og samþykktu Alþjóðaráðstefnu Rauða krossins og Rauða hálfmánans; samvinnu um skyld mál, svo sem heilbrigðis- og félagsþjónustu, hamfaravarnir og sameiningu fjölskyldna;
- > rétt landsfélagsins til samráðs við stjórnvöld um öll mál sem umboð hreyfingarinnar tekur til. Þar á meðal er samráð við landsfélagið um víðfeðmari mannúðarmál og þátttöku og fjármögnun innlendra og alþjóðlegra hjálparaðgerða, sem og á sviði heilbrigðis- og félagsmála og annarra skyldra þátta;
- > skyldu ríkisins til að tryggja nauðsynlegt andrými fyrir landsfélagið, þar á meðal með lagasetningu um stöðu þess, notkun merkisins, fjárveitingar bundnar mannúðarstörfum og annan stuðning sem auðveldar skilvirka starfsemi landsfélagsins, svo sem varðandi sjálfboðna þjónustu og skatta- og tollaívilnanir;
- > heimild til handa landsfélaginu til að aðstoða sjúkrapjónustu herafra landsins og ráðningu starfsmanna landsfélagsins til slíkra starfa í samræmi við fyrsta Genfarsáttmálann frá 1949.

Landsfélögin hafa frumkvæði að því að takast á við neyðarþarfir eftir því sem afl þeirra og geta leyfir. Hið sérstaka stoðhlutverk leggur einnig þá skyldu á



American Red Cross



IFRC



Layton Thompson/British Red Cross

herðar félögum að þau taki til rækilegrar skoðunar óskir ríkisvaldsins um þátttöku í mannúðarstarfi sem fellur undir hlutverk þeirra. Ríkisvaldið skal forðast að gera kröfur til félagsins sem væru í andstöðu við grundvallarmarkmið eða stofnskrá Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Landsfélögum er skylt að synja öllum slíkum óskum og stjórnvöld þurfa að virða slíkar ákvarðanir. Ríkisvaldinu er einnig óheimilt að hafa afskipti af starfsemi landsfélagsins, vali verkefna og forustumanna og breytinga á félagslögum.

Málsvarnar- og útbreiðslustarf

Í héraði, á lands-, svæðis- og heimsvísu, tölum við einum rómi til að aðstoða og vernda fólk sem á undir högg að sækja. Við hvetjum einnig til aðferða til að lina undirliggjandi þjáningar þess og til að koma í veg fyrir eða draga úr varnarleysi þess í framtíðinni, sem og að draga úr líkum á átökum og áföllum með því að benda á hvar hættuástand gæti skapast. Við hvetjum til lagasetningar, þróunaráætlana og hamfara-varna sem lúta að vernd hjálparlauss fólks sem skal hafa rétt til að kunngera þarfir sínar, heimta réttindi sín og eiga greiðari aðgang að almannþjónustu og félagslegum úrræðum.

Trúverðugleiki okkar sem talsmanna þeirra sem undir högg eiga að sækja byggir á vel upplýstu og þéttriðnu neti Alþjóðasambandsins sem tengir saman öll landsfélögin til að tryggja að

við tölum einni röddu um sameiginleg markmið. Við njótum góðs af samskiptatækni við að hafa áhrif á ákvarðanatöku og áhrifavalda og til að efla enn frekar almennan stuðning við mannúðarhugsjónir okkar. Þetta gerum við með kynningarherferðum um tiltekin efni sem ætlað er að ná til sem flestra, ekki síst yngri kynslóðarinnar. Innan Alþjóðasambandsins nýtum við öfluga upplýsingamiðla til að deila með okkur þekkingu, hvetja til nýsköpunar og skapa félagslega samheldni — sameiginlegan skilning á þátttöku og samstarfi sem teygir sig um alla veröldina heiman úr héraði.

Með notkun upplýsinga-, fræðslu- og kennsluefnis sem er að finna á vef Alþjóðasambandsins geta sjálfbóðaliðar okkar, félagsmenn og starfsfólk aukið skilvirkni sína og hæfni og hagnast á tengslum við aðra með tafarlausum aðgangi að fyrsta flokks sérþekkingu. Öflugar samskiptavenjur styrkja mátt landsfélaganna, þau verða sýnilegri, heyra í fleirum, nýtast fleirum og verða þannig betur í stakk búin til að gagnast fólki í nauð.

Samstarf og samnýting

Sem ein meginstoð alþjóðlega mannúðar- og þróunarkerfisins erum við staðráðin í að vera áreiðanlegur og traustur samstarfsaðili, í samræmi við stærð okkar og útbreiðslu, til að mæta þörfum þeirra sem minnst mega sín. Jafnframt höfum við einsett okkur að stuðla að meira jafnvægi í samstarfinu á lands-, svæðis- og heimsvísu, þar á meðal við Sameinuðu þjóðirnar (þar sem Alþjóðasambandið er áheyrnarfulltrúi), alþjóðlega fjármálakerfið, svæðissamtök, hagsmuna- og félagasamtök, samtök fagmanna og háskóla, sem og við einkaframtakið. Við tökum að okkur forustu þegar við erum vel til þess fallin. Við leitumst við að vinna í félagi og samhæfingu með

öðrum sem starfa eftir sömu gildum og stöðlum. Við ætlumst til að samstarfsaðilar okkar viðurkenni sérstöðu okkar á lands- og heimsvísu og virði hlutverk okkar og sjálfstæði til athafna. Við hvetjum einnig til gerðar rammaáætlana um alþjóðlegt samstarf og staðla til að auka á sanngirni, samstöðu, gæði og heilindi í alþjóðlegri neyðaraðstoð, sem og til frekari þróunar alþjóðalaga sem varða starf okkar og hlutverk.

Aðstoð við hina þurfandi er ein göfugasta eðlishvöt mannsins. Við erum almennt talin vera í hvað bestri aðstöðu til að sinna þessu hlutverki. Hvar sem við störfum í félagi við aðra, einstaklinga eða aðra stuðningsmenn, leggjum við ríka áherslu á að þátttaka nærsamfélagsins er ævinlega líklegust til að svara þörfum fólks, sé starfið skipulagt með langtímamarkmið og samnýtingu gæða og fjármuna í huga. Samstarf okkar við einkaframtakið, hvort heldur er í héraði eða á heimsvísu,

byggir á grundvallarmarkmiðum okkar og skýrum siðferðilegum viðmiðum þar sem lögð er áhersla á félagslega ábyrgð þeirra sem eiga í hlut.



ÆTLUÐ ÁHRIF AF STUÐNINGSLEIÐ 2

- > Meiri og betri aðgangur að fólki sem á undir högg að sækja; skjóttari viðbrögð við vandamálum og orsökum berskjöldunar fólks
- > Öflugri stuðningur almennings, ríkisvalds og samstarfsaðila; meira fjármagn til að bregðast við neyð fólks
- > Betur tekið tillit til viðhorfa nærsamfélagsins í alþjóðlega hjálpar- og þróunarstarfskerfinu

LEIÐ NÚMER 3

TRYGGJUM SKILVIRKNI Í SAMSTARFI ALPJÓÐASAMBANDSINS

Við erum alþjóðasamband jafn réttátt landsfélaga og erum öflugri saman en hvert í sínu lagi. Við berum sameiginlega ábyrgð á að við náum þeim markmiðum sem sett eru í þessari stefnuyfirlýsingu. Við vitum að við þurfum að halda vöku okkar og krafti gagnvart áskorunum og tækifærum síbreytilegs heims. Við gerum það með því að halda áfram að endurbæta starfsaðferðir okkar eins vel og verða má að teknu tilliti til okkar eigin ástæðna, ýmist hvert um sig sem landsfélag eða í félagi við aðra liðsmenn hreyfingarinnar þar sem við deilum getu okkar og afli. Við göngumst undir siðareglur sem leggja megináherslu á virðingu fyrir þeim sem minna mega sín og tökum ævinlega sérstakt tillit til fjölbreytileika, menningar og jafnréttissjónarmiða. Við sýnum heilindi þegar við veitum eða þiggjum aðstoð og öxlum ábyrgð sem einstaklingar og hluti af stærri heild hreyfingarinnar. Við fögnum samstarfi við aðila utan hreyfingarinnar í samræmi við grundvallarmarkmið okkar.

Samstarfið innan Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans

Hreyfingin hefur skuldbundið sig til að auka framlag sitt á sviði mannúðarmála. Það þýðir í reynd að við þurfum

að bæta samstarfs- og samhæfingarferla okkar, aðferðir og þjálfun — sem aftur byggja á gagnvirkum umboðum hreyfingarinnar til að auka samstarf, gæði og skilvirkni, sem og eflingu landsfélaganna. Stofnskrá hreyfingarinnar skilgreinir hlutverk hvers einstaks hluta hennar (þ.e. ICRC, Alþjóðasambandsins og landsfélaganna). Þessi hlutverk eru skilgreind enn frekar í Samkomulagi um skipulag alþjóðlegs starfs Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans (Agreement on the organization of the international activities of the components of the International Red Cross and Red Crescent Movement) — Sevilla-samkomulagið frá 1997 — og Viðbótarákvæði (Supplementary Measures) við það samkomulag frá 2005. Samkomulagið tilgreinir hefðbundin og tímabundin forustuhlutverk í skipulagi alþjóðlegs neyðarhjálpstarfs og styrkingu hreyfingarinnar í heild.

Þar af leiðir að ICRC er í forustu ('lead agency') þegar um er að ræða alþjóðleg eða staðbundin vopnuð átök, innanlandsátök eða beina afleiðingu af slíku. Alþjóðasambandið er í forustu þegar um er að ræða hamfarir af náttúrulegum eða mannlegum orsökum og aðrar neyðaraðstæður á friðartímum (eða þar sem friði hefur að mestu verið komið á) ef vandinn er viðkomandi landsfélagi um megn. Alþjóðasambandið hefur einnig forustu um að samhæfa alþjóðlegan þróunarstuðning við landsfélög. ICRC hefur forustu um að veita tæknilegan og lagalegan stuðning við landsfélag sem þarf að starfa á ófriðarsvæði og styður félagið við kynningu mannúðarlaga. Landsfélagið gegnir ævinlega sínu hefðbundna hlutverki og er alltaf aðalsamstarfsaðili þess sem fer með forustuhlut-

verkið. Þegar landsfélagið hefur til þess burði getur það tekið forustuhlutverkið með samkomulagi við hvort heldur sem er Alþjóðasambandið eða ICRC.

Hér er ekki um að ræða tæmandi og endanlega skilgreiningu á þeim forustuhlutverkum sem nefnd eru að framan, heldur nefnd meginatriði samkomulags um verkaskiptingu sem tekur til allra hluta hreyfingarinnar við öll tækifæri. Landsfélögin eflast stöðugt og gegna æ oftast sjálf forustuhlutverki við ýmis tækifæri. Sevilla-samkomulagið verður endurskoðað í samræmi við það.

Samvinnuform — samstarfssamningar og verkefnahópar

Landsfélögin fagna langtímaþróun fólga sinna úr hreyfingunni til að hrinda stefnuáætlunum sínum í framkvæmd. Algengasta form slíks er samstarfssamningar ('partnership') þar sem tíundað er með hvaða hætti samstarfið fer fram, þar á meðal hvers konar mat skal liggja að baki ákvörðun um framkvæmdir, hvernig markmið eru sett, hver skal vera verkaskipting og verklag, í þágu hvaða hópa verkið skal unnið, kostnaðarskipting, frammistöðumat og hver er ábyrgur fyrir kynningu og skýrslugjöf um viðkomandi verkefni. Reglan er sú að aðkomufélagið semur sig að venjum og verklagi heimafélagsins enda eflir slíkt framþróun félagsins og gerir allt samstarfið líklegra til árangurs. Gert er ráð fyrir að samstarfsaðilarnir taki þátt í greiðslu daglegs rekstrar heimafélagsins til að styrkja innviði þess til langframa.

Það er skylda allra liðsmanna Alþjóðasambandsins að bregðast við meiriháttar hörmungum fólks. Sé um að

ræða brýnar og óvæntar þarfir, sem eru heimafélaginu um megn, getur það óskað eftir stuðningi verkefnahóps ('operational alliance') annarra landsfélaga. Með því móti er Alþjóðasambandinu gert kleift að taka höndum saman um átak til að leysa tiltekið verkefni. Skipulag slíks verkefnahóps er lagað að fyrirliggjandi þörfum, því vinnuafli sem landsfélagið getur lagt af mörkum og framlagi annarra samstarfsaðila innan og utan hreyfingarinnar.

Alþjóðlegir verkefnahópar ('global alliances') starfa á alþjóðlega vísu, yfirleitt með aðild skrifstofu Alþjóðasambandsins. Hlutverk þeirra er að sameinast um staðla og viðmiðanir tiltekinna málaflokka, tryggja að sjónarmiðum Rauða krossins og Rauða hálfmánans sé komið á framfæri við stjórnvöld og áhrifavalda og afla fjármagns og stuðnings við ákveðinn málstað. Aðalskrifstofa sambandsins getur tekið að sér að annast rekstur og stjórn slíkra hópa þegar þess gerist þörf vegna takmarkaðs svigrúms eða getu heima fyrir.

Vel starfandi aðalskrifstofa

Aðalskrifstofan kemur fram fyrir hönd Alþjóðasambandsins á alþjóðavettvangi til að vernda og kynna hlutverk þess og gæta hagsmuna landsfélaganna. Aðalskrifstofan þjónar félögum og tengir þau saman með aðildarþjónustu ('membership services'). Þar er um að ræða alhliða stuðningsþjónustu sem skilgreind er í stofnskrá sambandsins og öll félög eiga rétt á, með tilliti til fjárráða og mannafla. Fjármagns til þessarar starfsemi er aðallega aflað með stofnskrárbundnum félagsgjöldum.





Thierry Gassmann/CRC

Aðalskrifstofan styður við stjórnun og félagsþróun aðildarfélaganna og þá þjónustu sem þau veita heima fyrir, samhæfir og stýrir alþjóðlegu hjálparstarfi, greiðir fyrir eða stýrir samstarfshópum eða samstarfssamningum sé þess óskað og stundar alþjóðlegan erindrekstur í þágu sambandsins og landsfélaganna.


Stofnanaminni sambandsins er einnig varðveitt á aðalskrifstofunni; hún getur þannig verið nauðsynlegur hvati breytinga og endurnýjunar. Þar fara af stað hugmyndir um skipulagsvinnu og áætlanagerð, frammi-stöðumat, verkefnaeftirlit og skýrslugerð. Jafnframt beitir skrifstofan sér fyrir upptöku og notkun staðla og norma og sameiginlegra stefnuramma. Hún sækir í viskubrunna, net og þekkingarsetur (sem til eru í sumum landsfélögum) og deilir þessari þekkingu, sérkunnáttu og nýsköpun með öðrum landsfélögum.

Einnig er hægt að fá skrifstofuna til að skipuleggja verk og stýra þeim þegar nauðsyn krefur vegna meiriháttar áfalla eða hamfara. Gegn endurgjaldi getur skrifstofan einnig veitt landsfélögum sérstaka viðbótarþjónustu við að efla afmarkaða þætti starfsemi þeirra.

Skipulag aðalskrifstofunnar miðar að því að hún starfi af skilvirkni, óhlutrægni, fagmennsku og gagnsæi. Með útibúum í öllum heimsálfum er fjárveitinga- og ákvörðunarvald jafnan í næsta nágrenni við landsfélögin sem þjónustunnar njóta. Jafnframt fer fram öflug stefnumörkun og eftirlit í höfuðstöðvunum í Genf til að tryggja samræmt verklag um allan heim og gæta þess að til sé traustur og áreiðanlegur gagnagrunnur allrar starfsemi sambandsins.



Thierry Gassmann/CRC



UN photo/Paulo Filgueiras

Góðir stjórnunarhættir

Stjórnir innan Alþjóðasambandsins eru ábyrgar gagnvart þeim sem þær kjósa. Þótt landsfélögin séu sjálfráð og hlíti eigin lögum, þá hafa þau einnig innleitt almenna staðla um góða stjórnarhætti sem settir hafa verið á vettvangi Alþjóðasambandsins.

Meginmarkmið góðra stjórnunarháttanna er að tryggja að settum markmiðum og árangri sé náð, að fé sé vel varið og að tryggja að gildum og orðspori félagsskaparins sé ekki stefnt í tvísýnu. Góðir stjórnunarhættir fela í sér skýr mörk á milli hlutverka kjörinnar stjórnar og daglegs reksturs (governance/management). Góð félagsstjórn hefur frumkvæði að öflun fjármuna og annarra nauðsynja til starfseminnar. Hún bindur ræki-lega um alla hnúta er fela í sér áhættu og tryggir að nauðsynlegar reglur séu í gildi til að bregðast við kvörtunum og vernda heilindi félagsins. Góðir stjórnunarhættir krefjast nákvæmni og gagnsæis í ákvarðanatöku, aðgangs að nákvæmum upplýsingum og sérfræðipækkingu þegar á þarf að halda.

Við skipun fólks í trúnaðarstöður innan Alþjóðasambandsins, og aðildarfélaganna þess, gætum við þess að skipa eða kjósa aðeins þá sem hafa þekkingu, kunnáttu og reynslu, og gætum jafnvægis á milli endurnýjunar og samhengis. Við gætum þess að sem flestir þjóðfélagsþátttakendur eigi fulltrúa í stjórnunum okkar og að tekið sé tillit til aldursdreifingar og kynjahlutfalls. Kjörnum fulltrúum skal gefast kostur á að bæta við þekkingu sína og að frammistaða þeirra sé metin, bæði sem einstaklinga og heildar.

Stofnskrá okkar og verklagsreglur útlista hlutverk aðalstjórnar Alþjóðasambandsins sem m.a. tekur til eftirlits með daglegum rekstri aðalskrifstofunnar. Þessar reglur sæta stöðugri endurskoðun til að tryggja að þær þjóni hagsmunum aðildarfélaganna. Markmið okkar er að stjórnunarskipulag Alþjóðasambandsins sé ævinlega í takt við kröfur tímans, jafnframt því að tryggja breiða þátttöku og nána samvinnu við aðildarfélögin.

Ábyrgð okkar

Við höfum skuldbundið okkur til að vera opin og ábyrg gagnvart þeim sem eiga hagsmuna að gæta. Það er fólkið sem við þjónum, fólk sem hefur treyst okkur fyrir fjármunum til góðra verka, fólk sem vinnur innan Alþjóðasambandsins, ríkisstjórnir og samstarfsaðilar. Allir þessir eiga rétt á að vita hvernig við metum þarfir fólks og berskjöldun, hvernig við forgangs Röðum, skipuleggjum og fylgjumst með framgangi verkefna, metum árangur og leggjum mat á heildaráhrif af starfinu.

Sem sjálfráð landsfélög erum við ábyrg gagnvart þeim sem við þjónum, gagnvart félagsmönnum okkar, sjálfbóðaliðum og öðrum hagsmunahópum. Okkur er ljóst að það hefur áhrif á trúverðugleika og orðspor annarra landsfélaganna og Alþjóðasambandsins í heild hvernig til tekst í landsfélögunum okkar. Þar sem við höfum skyldum að gegna gagnvart hvert öðru um að fylgja sameiginlegum reglum og stuðlum höfum við einsett okkur að innleiða og fylgja sameiginlegum reglum alls Alþjóðasambandsins um verkmat og ábyrgð.

Meginreglur okkar um ábyrgð ('accountability principles') fela í sér skýrar reglur um notkun staðla, verkeftirlit fyrir opnum tjöldum, gagnsæi í upplýsingagjöf, raunveruleg þátttaka móttakenda þjónustunnar, skilvirk notkun fjármuna og ákveðin ferli til að draga lærdóm af því sem gert er og að bregðast við athugasemdum og kvörtunum.

Í meginreglum um eftirfylgni ('performance dimensions') er notast við kyn- og aldursgreindar upplýsingar til að meta árangur á ýmsum sviðum. Metið er hvernig við fylgjum grundvallarmarkmiðum okkar, gildum, siðareglum, stefnumörkun og reglum um vinnulag og á hvern hátt við eigum samskipti við skjólstaðinga okkar, samstarfsaðila og aðra þá sem hagsmuna eiga að gæta. Við mælum hve mikið við gerum, þ.e. á hvern hátt við uppfyllum skilgreindar þarfir og tökumst á við vandamál sem upp koma á tilgreindum svæðum eða gagnvart ákveðnum samfélagshópum. Með gæðaeftirliti er metið hversu vel við vinnum, þ.e. á hvern hátt þjónustan uppfyllir skilyrði staðla og norma. Reglur um skilvirkni mæla hvernig fjármunum og öðrum gögnum og birgðum er best varið og loks er lagt mat á þau áhrif sem framlag okkar hefur á viðkomandi samfélag í bráð og lengd.

Til viðbótar beitingu sameiginlegra verkferla og aðferða við upplýsingaöflun setur hvert landsfélag sín eigin viðmið til að meta árangur verka sinna og ber saman við grunnmat í ársbyrjun 2010. Samræmd aðferð til að meta frammistöðu og árangur gerir Alþjóðasambandinu kleift að safna saman upplýsingum frá sem flestum landsfélögum um allan heim og deila þeim upplýsingum með öðrum. Á þann

hátt getum við sameiginlega haldið áfram að draga lærdóm af verkum okkar og upplýsa umheiminn þar um. Með því móti öðlumst við traust hagsmunaaðila og verðum fær um að efla enn viðleitni okkar á sviði mannúðarmála.

Reglur Alþjóðasambandsins um ábyrgð og eftirfylgni munu alltént framkalla viðbrögð frá aðildarfélagunum um helstu kennimerki; fjölda sjálfbóðaliða, fjölda deilda og undirdeilda sem veita þjónustu, fjölda fólks sem nýtur þjónustunnar og það fjármagn og vinnuafli sem nýtt er. Þessi kennimerki geta gefið okkur vísbendingu til að meta á hvern hátt við getum „gert meira og náð til fleiri“, hvar við höfum getað byggt upp afl okkar, og jafnframt verið vísbending um gæði og umfang starfs sem þarf á enn frekari stuðningi að halda. Við munum einnig halda áfram að meta árangur af starfi okkar miðað við alþjóðlega staðla um mannúðar- og þróunarvinnu.



ÆTLUÐ ÁHRIF AF STUÐNINGSLEIÐ 3

- > Öflugri samvinna, samhæfing og stuðning-
saðgerðir til að ná tilætluðum árangri
- > Betri skipulagning, eftirfylgni og ábyrgð á starfi
Alþjóðasambandsins
- > Aukin framlög Alþjóðasambandsins til þarfa hinna
verst settu á héraðs-, lands- og heimsvísu





HÉR ERU GRUNDVALLAR- MARKMIÐ ALÞJÓÐA- HREYFINGAR RAUÐA KROSSINS OG RAUÐA HÁLFMÁNANS

Mannúð

Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans, sem spratt upp af löngun til að veita þeim sem særst höfðu á orrustuvelli hjálp án manngreinarálits, reynir með alþjóðlegu starfi og starfi landsfélaga að koma í veg fyrir og léttja þjáningar fólks hvar sem það er statt. Tilgangur hreyfingarinnar er að vernda líf og heilsu og tryggja virðingu fyrir mannlegu lífi. Hún vinnur að gagnkvæmum skilningi, vináttu, samstarfi og varanlegum friði meðal allra þjóða.

Óhlutdrægni

Hreyfingin gerir engan mun á milli manna eftir þjóðerni þeirra, uppruna, trúarbrögðum, kyni, stétt eða stjórnmálaskoðunum. Hún reynir að draga úr þjáningum einstaklinga og tekur þá eingöngu tillit til þarfa hvers og eins en veitir forgang þeim sem verst eru staddir.

Hlutleysi

Svo að hreyfingin megi áfram njóta almenns trausts skal hún gæta hlutleysis í ófriði og aldrei taka þátt í deilum vegna stjórn mála, uppruna, trúarbragða eða hugmyndafræði.

Sjálfstæði

Hreyfingin er sjálfstæð. Þótt landsfélög veiti aðstoð í mannúðarstarfi stjórnvalda og lúti lögum lands síns verða þau ætíð að varðveita sjálfstæði sitt svo þau geti starfað í samræmi við grundvallarmarkmið hreyfingarinnar.

Sjálfboðin þjónusta

Hreyfingin er borin uppi af sjálfboðnu hjálparstarfi og lætur aldrei stjórnast af hagnaðarvon.

Eining

Í hverju landi má aðeins vera eitt landsfélag Rauða krossins eða Rauða hálfmánans. Það skal vera öllum opið og vinna mannúðarstarf um landið allt.

Alheimshreyfing

Hreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans nær um heim allan, og öll landsfélög hafa jafnan rétt og ábyrgð og sömu skyldur til gagnkvæmrar hjálpar.



The International Federation of Red Cross and Red Crescent Societies (IFRC) promotes the humanitarian activities of National Societies among vulnerable people.

By coordinating international disaster relief and encouraging development support, it seeks to prevent and alleviate human suffering.

The IFRC, the National Societies and the International Committee of the Red Cross together constitute the International Red Cross and Red Crescent Movement.